

BÓNDVARÐAN

29. NÓVEMBER 2024. 24. ÁRGANGUR

MÚLAPING

Gleðilega
hátið

Ljósmynd: Þuríður Elísa Harðardóttir

Kæru þegnar Djúpavogs í Múlapingi
Þorrablótið 2025 verður haldið
laugardaginn 1. febrúar á Hótel Framtíð
Takið daginn frá!



ÁVARP SVEITARSTJÓRA



Kæru íbúar.

Nú líður senn að því að ég láti af störfum sem sveitarstjóri Múlapings og vil ég nota þetta tækifæri og þakka ykkur öllum fyrir bæði ánægjuleg og gefandi samskipti á undanförunum árum.

Svo því sé til haga haldið þá er rétt að upplýsa hér og nú að ég hafði aldrei ætlað mér að fara að starfa á vettvangi sveitarstjórnarmála. Það kom þó til með þeim hætti, fyrir um tuttugu og þremur árum, er ég var sjálfstætt starfandi við rekstrarráðgjöf, að óskað var eftir því við mig að ég tæki tímabundið að mér starf sveitarstjóra í litlu sveitarfélagi norður í landi. Þetta tímabundna verkefni, sem ætlunin var að stæði í um fimm til sex mánuði, varð heldur lengra því þarna starfaði ég sem sveitarstjóri í tæp níu ár. Ég tók mér síðan hlé frá starfi sveitarstjóra í tæpt ár og sneri mér aftur að ráðgjafaverkefnum en var síðan ráðinn sem bæjarstjóri Fljótaldalshéraðs 2010 sem síðan varð hluti af Múlapingi haustið 2020 þar sem ég tók við starfi sveitarstjóra.

Þannig að starf mitt á vettvangi sveitarstjórnarmála varð töluvert lengra en þeir fáu mánuðir sem ég hafði hugsað mér að ráðstafa til þessa í upphafi. Ástæður þessa eru ýmsar og má þar nefna að starfið er líflegt og verkefnið margvísleg auk þeirra áskorana

sem takast þarf á við og leysa. Ég, ásamt góðu samstarfsfólki í gegnum árin, hef tekist á við að finna lausnir sem leiða af sér aukna farsæld í því samfélagi sem ég hef starfað fyrir hverju sinni.

Í starfi sem þessu er mikilvægt að átta sig á því að horfa til hagsmuna heildarinnar þegar unnið er að lausnum því að í starfi sveitarstjóra hef ég litið á mig sem starfsmann íbúanna allra en ekki einstakra áhrifavalda. Ég hef líka tamið mér, og hef hvatt samstarfsfólk mitt til þess líka, að taka ekki persónulega óánægjugagnrýni sem að mér hefur verið beint vegna ákvarðana sem teknar hafa verið. Það er ekkert óeðlilegt að aðilar reiðist og beini athugasemdum að framkvæmdastjóra stjórnsýslunnar hverju sinni en þarna er verið að gagnrýna framkvæmdasýsluna sem slíka og höldum gagnrýninni þar en tókum hana ekki með okkur heim.

Tími minn og fjölskyldunnar hér fyrir austan hefur verið mjög gefandi. Er við fluttumst austur sumarið 2010 þekktum við hér nánast engan en áttuðum okkur fljótt á því að sú ákvörðun að flytjast hingað var hárrétt.

Starf mitt sem bæjar- og sveitarstjóri hér hefur verið mér mjög gefandi bæði vegna samskipta við íbúa og fulltrúa atvinnulífs og einnig vegna þess fjölbreytileika sem okkar sveitarfélag býður upp á. Hér er fjölbreytileiki í atvinnu-, menningar- og listalífi sem gerir það að verkum að hér er bæði gott að starfa og búa. Ég er sannfærður um að þetta m.a. muni verða til þess að okkar ágæta sveitarfélag mun halda áfram að dafna.

Ég gæti sjálfsagt haldið endalaust áfram en ætla ekki að þreyta ykkur með frekari lestri en óska okkur öllum farsældar og gleðilegra komandi stunda.

Þúsend þakkir fyrir að hafa fengið að starfa með og fyrir ykkur undanfarin ár!

Sveitarstjóri.

**Bókasafnið er opið alla þriðjudaga
kl.16:00 - 18:00 & miðvikudaga 10:00 - 11:00**

EKKI gleyma að næla þér í jólabók fyrir hátíðirnar!

Síðasta opnun fyrir jól er 17. desember.

Opnum aftur 7. jan.

Gleðilega hátíð!

Bókasafn Djúpaavogs



VELKOMIN Á DJÚPAVOG

Velkomin á Djúpavog Merab Atuhyre, Øystein Mathisen og Elle Aamani Mathisen.

Merab, Mat og Elle hafa búið á Djúpavogi í rúm 2 ár en Mat er frá Noregi og Merab er fædd og uppalin í Úganda. Merab stundaði mest allt sitt nám í heimalandinu og útskrifaðist með BA gráðu í aðfanga- og flutningastjórnun. 2015 flutti hún til Suður-Kóreu í meistaranám og nam þar opinbera stjórnsýslu. Þar bjó hún í tvö og hálf tölur ár þar til hún hitti mann sinn hann Øystein Mathisen, eða Mat eins og fólk þekkir hann helst. Þau fluttu saman til Úganda eftir nám Merab í rúm 2 ár og giftu sig þar.

Mat er lærður verkfræðingur og hans bakgrunnur er í þeim fræðum. Þar sem þau elska bæði ævintýri og störf sín ákváðu þau að láta það tvennt stýra förinni og Ísland varð næsta stopp. Þar ætluðu þau aðeins að dvelja stutt en féllu kylliflöt fyrir gullfallega Íslandi. Í fyrstu bjuggu þau á Vestfjörðum þar sem þau störfuðu bæði og eignuðust dóttur sína hana Elle, 2021. Ári síðar fluttu þau á fallega og sögufræga Djúpavog þar sem þau nú búa og starfa. Mat er tæknistjóri hjá Djúpskel og Merab starfar sem aðfangastjóri hjá Kaldvík í Búlandstindi. Elle litla er alsæl í Bjarkatúni en það má til gaman geta að leikskólinn á Djúpavogi er ein stærsta ástæða þess að þau kolféllu fyrir staðnum og ákváðu að ílengjast. Alveg frá upphafi hafa þau verið sérlega ánægð með leikskólagnöngu dóttur sinnar, þau hafa komið sér vel fyrir í þorpinu og segja móttökur samfélagsins hafa verið afar góðar.

Bóndavarðan býður þau hjartanlega velkomin í litla þorpið okkar og fagnar því að flóran okkar stækki og dafni.



SNJÓR TIL JÓLAÞVOTTA?

Stundum er gaman að bregða sér aftur í tímann og glugga í gömul rit. Þessi frétt birtist 10. desember 1985 og var forsíðufrétt í blaðinu NT. Í framhaldi kom skopmynd um efnið 13. des. í sama blaði.

Eflaust muna einhverjir lesendur Bóndavörðunnar eftir þessu tímabili og kannski þurft að sjóða snjó til að ljúka jólahreingerningunni á meðan lagtertán var hnoðuð, jah eða hræð.

Djúpivogur:

Snjór til jólaþvotta?

– vatnsskortur skapraunar bæjarbúum

■ Vatnsleysi ber hátt í umræðu minna á meðal á Djúpavogi þessa dagana. Ástæðan er sú að síðasta hálfá mánuðinn eða svo hefur það gerst all títt að stofnaðir í vatnsveitunni hafi bilað og valdið bæjarbúum ómældum óþægindum.

Stofnaðin sem er um 8 km löng og orðin um tuttugu ára gömul hefur gefið sig á fjölmörgum stöðum, en Djúpivogur verður vatnslaus með öllu á meðan á viðgerð stendur.

Oli Björgvinsson sveitarstjóri á Djúpavogi sagði að verið væri að undirbúa endurnýjan lagningar, en það tæki tíma og fjármagn. Hann taldi að sú upphæð sem hér væri um að ræða væri á bilinu 15-20 milljónir.

Síðast varð vatnslaus á Djúpavogi í fyrradag, en þá tók viðgerðin um 6 klukkutíma, sem er nálægt því að vera sá tími sem tekur að gera við lögnum í hverri skipti sem hún bílar.

Þó vatnsleysið fari í taugarnar á bæjarbúum og einhverjar husmætur séu til öryggis farnar að bræða snjó í jólahreingerninguna, eins og einn heimildarmáður NT á Djúpavogi komst að orði, kemur vatnsleysið veruð mör á atvinnullifinu á staðnum, sem getur aft á hættu að lamast

bróðurpartinn úr vinnudegi.

Oli Björgvinsson sagði að þeir hefðu ekki átt von á því að lögin þefi sig svo skjýndlega.

„Það væri þá ekki nema að allt um þryti, að farið yði út í að leggja ofanjarðarlögn til bráðabirgða“, sagði Oli að lokum, að spurður um hvort sveitarstjórnin myndi gripa til einhverra ráttækra aðgerða.



Gleðilega hátið

Djúpskel & Djúpvogi
þskar Djúpvogsbúum og landsmönnum þllum
gleðilegra jóla og gófræks komandi árs
með þökk fyrir samstarfið
& líðandi ári



Djúpskel
umbúðir

VINÁTTUGANGA



Leikskólinn Bjarkatún og Djúpavogsskóli hittust á Baráttudegi gegn einelti þann 8.nóvember síðastliðinn og áttu saman vináttustund. Markmið með deginum er að efna til umræðu, fræðslu og hafa viðburði sem hvetja til jákvæðra samskipta og efla vináttu.

Krakkarnir í grunnskólanum komu niður í leikskóla og náðu í leikskólabörnin. Unglingadeildin leiddi eða keyrðu kerrur með leikskólabörnunum niður á Bjargstún. Þar leiddust allir í hring og sungu lagið „Við erum vinir“. Síðan var búið til hjarta og tekin mynd með dróna sem Jón Einar var með, en hann tók myndirnar á viðburðinum sem fylgja. Eftir þetta var boðið upp á heitt súkkulaði í boði heimilisfræðinnar í nýja útielhdúsinu sem foreldrafélag grunnskólans keypti.

Þegar leikskólabörnin komu aftur í leikskólann fundu þau pappírshblóm í hólfunum sínum sem krakkarnir í viðveru höfðu gert handa þeim.

Dásamleg stund þar sem allir voru vinir.

UPPSKRIFTIN

Í síðasta tölublaði Bóndavörðunnar skoraði Sýlvía Magnúsdóttir á Eið Gísla að deila með Bóndavörðunni góðri uppskrift fyrir lesendur að njóta. Hér lítur hún dagsins ljós.

Örbylgjukaka Eiðs Gísla

- 1 bolli hveiti**
- 1 bolli sykur**
- 1 egg**
- 1 teskeið matarsóði**
- Lítill dós kokteilávéxtir**

Öllu er hrært saman

Því næst er ¼ bolli púðursykur og 1/4 bolli kókosmjöli hrært saman og sett ofan á kökuna.

Þetta er svo allt sett inn í örbylgjuofn í 8 mínútur. Gott er að bera kökuna fram með ís.

Eiður Gísli skorar á Baldur Sigurðsson að deila með lesendum uppskrift af víðfrægri rjúpnasúpu sinni í næsta tölublaði Bóndavörðunnar.



VELKOMINN Á DJÚPAVOG

-Nýr lögreglumaður á Djúpavogi-

„Sjálfsagt er mjög svipað að alast upp í Hólminum og á Djúpavogi“

Guðmundur Hjörvar Jónsson er nýfluttur á Djúpavog og hefur tekið við varðstjórstöðu Lögreglustjórans á Austurlandi. Guðmundur er 53 ára Hólmari og hefur undanfarin 12 ár búið og starfað í Reykjavík. Hann ólst upp í litlu og rólegu þorpi og stundaði mikið íþróttir á Stykkishólmi í æsku. „Sjálfsagt er mjög svipað að alast upp í Hólminum og á Djúpavogi“ lítið öruggt samfélag með blómlega byggð.

Guðmundur hefur verið í rúm 31 ár í lögreglunni hjá nokkrum embættum. Einnig var hann sjúkraflutningamaður í 6 ár meðfram lögreglustörfum. Það tíðkaðist hér áður á minni stöðum að lögreglumenn sinntu líka sjúkraflutningum sem Guðmundur gerði. Strax eftir að hann kláraði lögregluskólann þá fór hann að vinna í Dölunum og bjó í Búðardal. Eftir það starfaði hann á Selfossi og bjó þá á Laugarvatni og hefur góða reynslu af því að búa og starfa á litlum stöðum úti á landi.

Aðspurður hvers vegna Djúpavogur varð fyrir valinu sagði hann að tími hafi verið kominn á breytingar. Hann langaði að fara að gera eitthvað allt annað en hann hefur verið að gera undanfarin ár og Djúpavogur stóð til boða. Hann var einnig mesta breytingin frá því sem var. Svo Guðmundur ákvað að stökva til! Margir lögreglumenn segja að skemmtilegasta starfið í löggunni sé úti á landi „sérstaklega á sumrin og ég er sammála því“ segir Guðmundur.

Guðmundi líst vel á samfélagið í þann stutta tíma sem hann hefur verið hér búsettur. Hann segir hér rólegt og gott mannlíf og náttúrufergurðina einstaka, „næstum jafn fallega og heima í Hólmi“ bætir hann við léttur í bragði.

Lögreglustarfið telur Guðmundur mikilvægt og merkilegt. „Það gefur mest þegar maður nær að hjálpa fólki og þá geta aðstæðurnar verið margvíslegar. Stundum tekst að stöðva einhverja neikvæða þróun eða stöðu og koma á betri veg“. En áskoranirnar eru margvíslegar og alltaf að aukast. Ein þeirra er fjölgun ferðamanna en einnig „stærð svæðisins, fjöldi þéttbýliskjarna og fjöldi lögreglumanna skapa áskoranir“ bætir Guðmundur við. Hann segir það skipta miklu máli að hafa lögreglustarfsmann í bænum. „Öryggisþátturinn er stór. Forvörnin er annar þáttur sem skiptir líka máli, að fólki geti átt von á löggunni hvernær sem er ætti að stuðla að betri umferðamenningu held ég“. Síðan segir Guðmundur að ekki megi gleyma að oft komi ófyrirsjáanlegir þættir upp sem lögreglan getur komið að liði og greitt götur íbúa.

Guðmundur segir það skemmtilegt að vera lögga og í raun ákveðinn lífstíll. Eftir 31 ár í starfinu þekkir hann ekkert annað. Guðmundur langar að þakka góðar móttökur sem af er og hvetur íbúa til að hafa samband. Einnig biður hann fólk að halda áfram að vanda sig í umferðinni því þar er alltaf hægt að bæta sig.



Guðmundur Hjörvar Jónsson, nýr lögreglumaður á Djúpavogi

Kynning á íbúðum fyrir fólk á besta aldri

Fulltrúar frá Verkfræðipjónustunni ehf. verða með kynningu á byggingu íbúða fyrir fólk á besta aldri í Tryggvabúð mánudaginn 9. desember nk. kl. 15:00.

Allir velkomnir

Áhugafólk um byggingu íbúða fyrir okkar best fólk



HVAÐ ER AÐ FRÉTTA Í FYRIRTÆKINU?

Búlandstindur 10 ára

Þetta 10. starfsár Búlandstinds hefur verið gott, nóg af krefjandi verkefnum og stórkostlega starfsfólkið okkar hefur virkilega skilað sínu besta við að leysa þau. Í ár lítur út fyrir að við munum ná að slátra um 15 þúsund tonnum (slægt magn) af laxi. Mikill kraftur hefur verið í slátrun síðan í ágúst og unnið 6 daga vikunnar og þannig verður það fram í mars. Samhliða þessu höfum við unnið að því að auka stykkjafjöldann sem við getum slátrað á einum degi með því að bæta við okkur 5. Slægingarvélinni. Unnið hefur verið að því að klára hreinsivirkið í bræðslunni sem loksins er farið að sjá fyrir endann á, ásamt því að við erum alltaf að vinna að endurbótum og lagfæringum. Slátruplan fyrir árið 2025 gerir ráð fyrir að við slátrum 20 þús tonnum þ.a. enn er verið að bæta í og við hlaupum hraðar í takt við það.

Það er ótrúlegt að liðin séu 10 ár síðan við hófum starfsemi. Á svona tímamótum er hollt að líta yfir farinn veg og sjá hverju hópurinn okkar í Búlandstindi hefur áorkað og þá sjáum við svo vel hversu ótrúlegan mannauð við eigum sem hefur saman unnið að vexti fyrirtækisins. Þakklæti er okkur efst í huga og mikið vorum við glöð að geta boðið starfsfólkinu okkar loksins á alvöru árhátíð. Farið var með Kaldvík, Eyfreyjunesi, Ósnesi og Djúpskel í dásamlega árhátíðarferð til Marrakesh um miðjan október þar sem við nutum sólarinnar, skoðuðum framandi slóðir, upplifðum ævintýri og slettum úr klaufunum.

Takk fyrir síðustu 10 ár kæra samstarfsfólk, ég hlakka til að takast á við næstu 10 með ykkur!

Elís Grétarsson, framkvæmdastjóri Búlandstinds





**OPNUNARTÍMAR Í SUNDLAUG
DJÚPAVOGS UM JÓL OG ÁRAMÓT**

Jól	Áramót
23. des - 11-15	31. des - Lokað
24. des - Lokað	1. jan - Lokað
25. des - Lokað	
26. des - Lokað	

Gleðileg jól og farsælt komandi ár.
Kær kveðja,
Starfsfólk ÍPMD



„VIÐ SKULUM EKKI HAFNA HÁTT“ BJÖRN HAFÞÓR GUÐMUNDSSON

Ritstjóra Bóndavörðunnar barst til eyrna um mitt sumar að yfir stæði vinna við upptökur á hljómdisk Björns Hafþórs Guðmundssonar undir nafninu sem kemur fram í fyrir sögninni. Diskurinn kom út undir lok október 2024 og fór strax í sölu. Eftir að ritstjóri hafði keypt diskinn og skoðað innihaldið kom í ljós mjög sterk tenging við Stór-Djúpavogssvæðið. Forsíðumyndin á veglegu umslagi utan um diskinn er af huldufólksklettinum „Rakkabergi“ og einnig sést hluti Berufjarðar þar í bakgrunni. Ennfremur er þar m.a. að finna mynd af Strýtu, uppeldisstað Ríkarðs Jónssonar, myndlistarmanns. Ritstjóra Bóndavörðu fannst því við hæfi að leita upplýsinga um verkefnið.

Djúpavogstengingin

Beina tengingin er nokkuð margþætt. Björn Hafþór var búsettur í Djúpavogshreppi í heil tíu ár - þar af sem sveitarstjóri í átta. Ríflega helmingur fjölskyldu hans býr í Kápugili. Reyndar stærstur hluti hennar, séu stórvinir hans, hundarnir Nagli og Kubbur, taldir með. Af þeim sökum kemur Björn Hafþór mjög oft á svæðið. Einnig er hann oft á ferðinni vegna þess að undanfarin sumur hefur hann gengt starfi ferðaleiðsögumans frá Djúpavogshöfn. Þess utan er honum svæðið kært, sökum fjölmargra vina, er þar búa og hann kys að halda sambandi við. Auk þess kemur hann ekki svo á Voginn fagra, að hann kiki ekki á Egginn í Gleðivík og ýmsar aðrar gersemar, sem þar er að finna.

Sagan á bakvið útgáfuna

Björn Hafþór segir að í sannleika sagt hafi hann ekki hugsað sér að gefa út heila plötu eða disk. Hins vegar hafði hann af og til sent lög og texta í sönglagakeppnir af ýmsu tagi, oftast með klénum árangri. Fyrir mörgum áratugum var gefinn út diskurinn „Söngur um frelsi“ af Samkór Suðurfjarða. Þar átti hann tvo texta. Löngu síðar voru tvö lög með textum Björns Hafþórs gefin út af Danshljómsveit Friðjóns og var hann farinn að líta svo á að hann myndi ekki setja frekara mark sitt á tónlistarsöguna. Vissulega átti hann á þeim tíma ýmislegt efni til í handraðanum. Fyrir fáum árum fóru einstaka vinir hans með tónlistarlegan bakgrunn að nefna það við Björn Hafþór að hann ætti alvarlega að hugsa um að gefa út disk eða plötu. Í þeim efnum gekk einna harðast fram stórvinur hans Guðmundur Rafnkell, sem gjarnan er kenndur við SúEllen. Á þeim manni hlaut hann að taka mark. Björn Hafþór gengur svo langt að lýsa því yfir að Guðmundur sé guðfaðir útgáfunnar og mun Björn Hafþór verða honum ævinlega þakklátur fyrir að hafa hvatt hann til að ýta úr vör.

Upptökur og liðsfélagar

Strax í upphafi einsetti Björn Hafþór sér að kalla til verka Austfirðinga og fólk með tengingu við Austurland og gekk það svo sannarlega eftir. Það á bæði við um söngvara og hljóðfæraleikara. Guðmundur Rafnkell hvatti hann til að fá Daníel Arason, Norðfirðing og fyrrum tónlistarkennara á Djúpavogi, til að útsetja flest lög og útvega góða tónlistarmenn til að spila í einstökum lögum. Björn Hafþór sagði það mjög gott að vinna með Daníel og þykir ýmsar útsetningar hans mjög vel gerðar. Daníel setur sterkt yfirbragði á verkið í heild. Hann útsetti sjö laganna einn og var meðútsetjari í fjórum til viðbótar. Hann er því einnig hitt foreldri verksins segir Björn Hafþór því án Daníels hefði það líklega ekki komist í höfn, alla vega ekki á þann hátt, er raun ber vitni.

Daníel tók flest lög upp heima hjá sér. Hann stofnaði húshljómsveit, skipaða úrvals hljóðfæraleikum; Erik Qvick (trommur), Bjarna Frey Ágústssyni (gítar) og Guðjóni Steinari Þorlákssyni (bassi). Setja þessir fjórmenningar sterkan heildarsvip á útgáfuna. Fyrir austan var tekinn upp söngur og hljóðfæraleikur í Neskaupstað (Guðmundur Rafnkell) og hið sama á Stöðvarfirði (Garðar Harðarson). Einnig voru nýttar gamlar upptökur frá Egilsstöðum (Hafþór Valur Guðjónsson) og frá Seyðisfirði (Einar Bragi Bragason). Tekinn var upp í Þýskalandi Hammondleikur Svavars Sigurðssonar, stofnanda Hammondhátíðarinnar, og í sama landi saxafónleikur Garðars Eðvaldssonar frá Eskifirði.

Framleiðsla og umslag disksins

Eftir upptökur var tónlistin hljóðblönduð og „masteruð“. Það verk annaðist af mikilli kostgæfni Gunnar Smári Helgason. Diskurinn var fjölfaldaður í Eistlandi. Honum fylgir veglegt umslag með öllum textunum og tónlistarlegum upplýsingum.



Rakkaberg og Berufjörður prýða umslagið

Voginn fagra, að hann kiki ekki á Egginn í Gleðivík og ýmsar aðrar gersemar, sem þar er að finna.

Um hönnun þess verkhluta sá Villi B Warén og fórst það einstaklega vel úr hendi. Myndir í umslaginu tók mágur Björns Hafþórs, Sigurður Jóhannesson. Mynd á miðsíðu umslags er tekin af Páli Guðjónssyni.

Lögin og textarnir

Björn Hafþór samdi öll lögin fjórtán og alla texta nema tvo. Fyrsta lagið samdi hann fimmtán ára gamall eða svo, en bætti reyndar við millikafla síðar. Því má segja að lagið hafi verið tæpa hálföld í „smíðum“. Hrönn Jónsdóttir í Sæbakka á texta titillagsins. Það er því engin tilviljun að forsíðumynd umslagsins sé af Rakkabergi, enda bein tilvísun í þetta myndefni í frábærum texta Hrannar. Hún heyrði lagið spilað „instrumental“ á fyrstu Hammondhátíðinni og beinlínis krafðist þess að fá að gera við það texta. Var það auðsótt mál af hálfu Björns Hafþórs. Stefán Bragason á Egilsstöðum, stórvinur Björns Hafþórs, á hinn „aðkomutextann“. Björn Hafþórs segir sig nánast hafa skipað honum að gera þann texta (Bar-lómur) og var það reyndar auðsótt mál af hans hálfu.

Flest laganna eru samin síðustu tvo áratugina. Bæði var Björn Hafþór stundum frjór árin sem þau hjónin bjuggu á Kerhömrum. Hið sama gildir um árin eftir að þau fluttu heim á Stöðvarfjörð 2012.

Er eitthvað lag á plötunni þinn sem er í sérstöku uppáhaldi hjá þér

Aðspurður hvort hann eigi sér uppáhalds lag á plötunni segir hann erfitt að gera upp á milli laganna sinna. Enda er lag bara annar hluti heildar, sé textinn einnig hafður í huga. Björn Hafþór hefur áður getið annarra textahöfunda, en leyfir sér að fullyrða að textarnir sínir flestir séu vel frambærilegir. Þeir gætu jafnvel átt erindi í umræðu dagsins í dag og tengja til að mynda við stríð, sorg, ást, von, minningu um ástvin, nálægð jóla, að eldast með reisu o.s. frv. Í þessu sambandi nefnir Björn Hafþór ádeilutextann í „Veröld sem var“ vegna stríðandi þjóða og ástandsins í heiminum í dag. Útsetningin er að hans mati frábær með „hamförum í lokin“ og/eða vonarglætu. Þetta má sjá sé lagið spilað á YouTube með myndbandi Valgeirs Þórs Jakobssonar. Þessu lagi ljær einstakan blæ, Stöðfirðingurinn Hilmar Örn Garðarsson, svo athygli hefur vakið.

„Að virkja hug og hönd“ heldur á lofti, eins og framan greinir, minningu eins mesta listamanns okkar. Ríkarðs Jónssonar, myndskera frá Strýtu í Hamarsfirði. Útsetningin í stíl tónlistar sem listamaðurinn og samferðarfólk hans hefur líklega hlustað á um miðja síðustu öld. Það lag syngja systur tvær, Sólmundsdætur, Agnes og Hildur.

Rokkarinn Einar Ágúst Víðisson fer mjög svo á kostum í einu mest grípandi lagi plötunnar „Lettingin“.

Guðmundur Rafnkell syngur tvö; titillagið „Við skulum ekki hafa hátt“ og einnig lagið „Óvissan“. Björn Hafþór segir hann ekki klicka fremur en fyrri daginn.

Kristján Ingmarsson syngur eitt jólaglag „Besta gjöfin“ og gerir það að sínu. Björn Hafþór segir hann reyndar einn af þeim sem hvöttu hann til dáða í útgáfu þeirri, sem um ræðir.

Friðjón Ingi Jóhannsson syngur með sinni seiðandi röddu þrjú lög, en þar af höfðu tvö komið á disk útgefnum af honum. Nýja lagið heitir „Aldrei kemur aftur þú“ og var samið á Kerhamarsárunum. Björn Hafþór segist mjög ánægður með lagið í heild og framgöngu Friðjóns í því.

Lísa Leifstóttir, tengdadóttir Björns Hafþórs, og Heiðbjört, afatengdadóttir hans, syngja jólagagið „Hann lætur koma jól“. Komast þær mjög vel frá því hlutverki í fremur nýstárlegri útsetningu Daníels, sem reyndar er byggð að hluta á fyrri útsetningu Svavars Sigurðssonar.

Garðar Harðarson syngur blúslagið á plötunni „Bar-lómur“. Að Björns Hafþórs mati kom enginn annar til greina í verkefnið en þessi fyrrum rokkari og einn besti blúsari okkar Austfirðinga síðustu tvær aldirnar.

Daníel sjálfur syngur eitt lag, „Þú ert móðir mín“, auk þess að radda í mörgum laganna. Textinn er Birni Hafþóri afar kær, ortur um móður hans og fluttur undir laginu við jarðarför hennar.

Síðast en ekki síst nefnir Björn Hafþór flutning vaxandi stjörnu, Maríu Bóelar Guðmundsdóttur og meðhöngvara hennar, Þorbjörns Rúnarssonar í laginu „Ég syng minn sólarbrag“. Lagið er í útsetningu Hafþórs Vals og Daníels.

Tilneyddur svarar Björn Hafþór spurningunni um uppáhaldið með tveimur lögum. Titillagið „Við skulum ekki hafa hátt“ með texta Hrannar og söng Guðmundar Rafnkels, sökum útsetningarinnar og þess að í laginu má heyra þverflautuleik hins mæta tónlistarmanns, Einaris Braga Bragasonar. Hitt lagið væri þá „Veröld sem var“, vegna grípandi laglínu og eins af bestu textum Björns Hafþórs. Einnig bendir hann á frábæra útsetningu Daníels, óþýða rödd söngvarans, Hilmars Arnar, sem og bakraddir úr smíðju útsetjarans.

Sala disksins

Björn Hafþór framleiddi 500 geisladiska og vínýl plata verður einnig í boði undir lok nóvember. Sala segir Björn Hafþór hafa gengið nokkuð vel, en ýmsir hafa hafnað tilboði um kaup á diskunum og bera því við að ekki sé geislaspilari á heimilinu. Í svari við því vill hann benda mönnum á að hægt sé að hlusta á tónlistina á „hljóðrásum“, en ekki saki að eiga umslagið með öllum upplýsingum, sem þar er að finna.

Kristján Ingmarsson og Krístrún Gunnarsdóttir selja og afhenda diska fyrir Björn Hafþór á Djúpavogi. Einnig má hafa samband við hann á bibbasin@simnet.is eða í síma 895-9951. Þá getur hann bent á fleiri „birgja“ eða annast afgreiðslu. Ríflega 150 diskum er enn óráðstafað um miðjan nóvember, en menn skyldu ekki bíða eftir brunaútsölu, þar sem Björn Hafþór segist ekki þannig gerður að stofna muni til slíkrar.

TRYGGVABÚÐ

Tryggvabúð býður upp á fjölbreytt starf fyrir eldri borgara Djúpavogs og nágrennis. Þar er opið þrjá daga í viku, mánudaga, miðvikudaga og fimmtudaga. Öllum sextíu ára og eldri er frjálst að nýta sér aðstöðuna og sækja þá afþreyingu sem þar er veitt. Vöflukaffið er haldið einu sinni í viku en í það er fólk á öllum aldri frjálst að mæta og njóta samveru.

Alla opnunardaga Tryggvabúðar er hreyfing í boði. Á mánudögum er sundleikfimi í Sundlaug Djúpavogs kl. 10:30, á miðvikudögum er hisst og gengið frá Tryggvabúð kl. 10:30 og á fimmtudögum er íþróttatími í íþróttahúsinu kl.10:30.

Nýjasta æðið í íþróttatímum eldri borgara á fimmtudögum er íþróttin Pokavarp en hana sáu þau kynnta í þætti Landans á RÚV. Þar er bandaríska íþróttin cornhole tekin til Íslands og vippað yfir á íslensku með heitinu pokavarp. Íþróttin snýst um að koma þar til gerðum pokum ofan í gat á sérsníðuðum keppnisfalli. Eitt stig fæst fyrir að hitta pallinn og þrjú fyrir að hitta ofan í. Svo er allskyns frádráttur og annað. Sá sigrar sem fyrr kemst upp í 21 stig. Góð mæting hefur verið í tímana og ekki vantar kappsemi hjá iðkendum sem verða betri með hverri æfingunni.

Kristinn Hólm Þorleifsson, húsasmiður á Akureyri, sérsníðaði pallana sem Múlaþing keypti fyrir Tryggvabúð og baunapokarnir eru innfluttir sérstaklega frá Bandaríkjunum. Pallarnir fást leigðir frá Tryggvabúð þeim sem vilja og eru tilvaldir til ýmissa viðburða.

Öllum 60+ er frjálst að koma og prófa. Öll hreyfing er betri en engin og svo er það einnig svo hollt og gott að sýna sig og sjá aðra.

Sjáumst í Tryggvabúð



Dagskrá eldri borgara starfs Tryggvabúðar

Mánudagur

10:30

Sundleikfimi

12:00

Hádegisverður

14:00

Samlestur
&
handavinna

15:00

Kaffi

Miðvikudagur

10:00-11:00

Bókasafnið opið
eldri borgurum

10:30

Gönguferð

12:00

Hádegisverður

13:30

Spil

15:00

Vöflukaffi

Fimmtudagur

10:30

Íþróttatími í
íþróttahúsinu

12:00

Hádegisverður

13:30

Föndur og
listsköpun

15:00

Kaffi

STYRKJUM TENGLIN OKKAR Á MILLI



Aldís Anna & Sigrún Eva

Aldís Anna og Sigrún Eva eru náms- og starfsráðgjafar sem báðar eru búsettar á Fáskrúðsfirði. Sigrúnu Evu þekja Djúpavogsbúar vel enda bjó hún á staðnum um tíma og á fjölskyldu í bænum. Sigrún og Aldís Anna ákváðu að nýta menntun sína á annan hátt en hingað til og stofna fyrirtækið Alhuga með það að markmiði að bjóða upp á námskeið, fyrirlestra og almenna náms- og starfsráðgjöf. Á óvæntan hátt leiddi stofnun fyrirtækisins til hönnunar og útgáfu á samskiptadagbók sem ber heitið *Okkar á milli*.

„Þegar við vorum að stofna Alhuga síðastliðið vor var mikil umræða í samfélaginu um aukna áhættu hegðun unglunga. Sem námsráðgjafar, og mæður átta barna samanlagt, hafa tengslakenningar um myndun og viðhald tengsla oft verið okkur ofarlega í huga. Við fórum að velta fyrir okkur hvort mögulega væri ákveðið tengslaröf að eiga sér stað í þessum hraða tæknivædda heimi sem við búum í. Það er ekki að foreldrar vilji ekki viðhalda tengslunum heldur að mögulega náum við bara illa að halda í við hraðar samfélagslegar breytingar.“

„Í dag verða börn fyrir áhrifum af, ekki bara nærsamfélaginu og félögum, heldur er heimur þeirra gríðarlega stór og hraður. Áreiti er oft á tíðum mikið og erfitt að finna tíma fyrir þessar mikilvægu samverustundir sem skipta svo miklu máli. Sjaldan hefur verið jafn mikilvægt fyrir okkur foreldra að hlúa sérstaklega að tengslunum við börnin okkar og einmitt núna. Rannsóknir hafa sýnt fram á að börn með góða og örugga tengingu við foreldra sína í æsku upplifa aukið öryggi í lífinu sem síðan styrkir þeirra sjálfmynd og sjálfstraust. Þá sýna rannsóknir marktæka fylgni á milli barna sem upplifa örugg tengsl við foreldra sína og hegðunarvandkvæða þegar á unglingsárin er komið. Vægi góðrar tengslamyndunar við foreldri vegur jafnframt þyngra en tengsl við jafnaldra þegar horft er til áhættu hegðunar. Þannig geta örugg tengsl barna við foreldra myndað ákveðinn grunn fyrir hegðunarvanda, áhættu hegðun, þunglyndi og kvíða hjá unglungum þrátt fyrir að jafningjatengslin séu örugg og heilbrigð.“

Við þessar tengslahugleiðingar dattu Sigrún Eva og Aldís Anna niður á erlendar dagbækur sem einstaklingar fylla út saman og þannig kom hugmyndin að *Okkar á milli*. Íslensk samskiptadagbók sem getur nýst foreldrum við að styrkja og efla tengslin við börnin sín. Báðar fundu þær að slík bók höfðaði mikið til þeirra og ákváðu því að demba sér í gerð hennar. Í stuttu máli gengur bókin út á að opna á samtal og samskiptaleið. Foreldri og barn láta bókina ganga sín á milli þar sem þau skiptast á að svara skemmtilegum og fróðlegum spurningum.

Samverustundir og samtöl skipa mikilvægan þátt í að viðhalda góðum tengslum. Þessari bók er ekki ætlað að koma í stað þeirra, heldur sem viðbót til eflingar og styrkingar. Á sama tíma og fólk fyllir bókina út er mikilvægt að grípa þau tækifæri sem gefast og njóta samverustunda með barninu. Ásamt

því að nýta það sem kemur fram í svörum til að opna á hin ýmsu umræðuefni. Það er von Sigrúnar og Aldísar að bókin muni reynast foreldrum gagnlegt verkfæri í samskiptum, umræðum og styrkingu tengsla við börnin. Bókin á að vera skemmtilegt samvinnuverkefni og mikilvægt að útfylling hennar sé jákvæð upplifun fyrir alla.

Til þess að bókin nýtist sem best er gott að börnin séu orðin þokkalega læs og geti tjáð sig á einföldu skrifuðu máli. Þó er möguleiki ef börnin eiga erfitt með að lesa og skrifa að foreldrið hjálpi barninu og er bókin þá fyllt út meira í sameiningu. Börn verða auðvitað mis fljótt læs og skrifandi en æskilegan aldur teljum við vera frá 9 ára og upp úr. Bókin kemur í sölu í byrjun desember og verður hægt að nálgast allar upplýsingar á facebook síðunni *Okkar á milli*. Einnig er hægt að senda pöntun á netfangið alhuga@alhuga.is

Bóndavarðan óskar þeim stöllum innilega til hamingju með bókina og hvetur lesendur til að næla sér í eintak í jólapakkann! Sannarlega gjöf sem gefur.

PISTILL FRÁ ZION

Árið fer vel af stað. Það er gaman á opnum húsum en böllin eru skemmtilegust. Kulaboli var skemmtilegur en samt smá glatað að það hafi verið búið að breyta honum og ekki lengur gist. Halloween ballið í Nýung á Egilsstöðum var líka geggjað. Og DJ Hilmir Dagur var kóngurinn! Okkur langar að Fjarðarballið verði aftur því það er svo gaman að hitta alla krakkana á Austurlandi og fara á ball. Við erum spennt fyrir LAN-inu sem verður í lok nóvember og auðvitað SAMFÉS ballinu í vor. LAN-ið er þegar við hittumst öll í Zion með okkar eigin tölvur og spilum fram á nótt og borðum pizzur.

Takk fyrir okkur!

Krakkarnir í félagsmiðstöðinni Zion.

FRÁ FERÐAFÉLAGI DJÚPAVOGS

Starfsemi Ferðafélags Djúpavogs var nokkuð hefðbundin á árinu sem nú er að líða. Þó verður að segjast eins og er að eftir Covid hefur þátttaka í ferðum dalað, hverju sem um er að kenna en eflaust liggja margar ástæður að baki.

Félagið og starfsemi þess byggist algjörlega og eingöngu á félögnum og þeim áhuga sem þeir hafa. Undanfarnin ár hefur verið reynt að hafa sem mesta fjölbreytni í skipulögðum ferðum félagsins, bæði til að vekja áhuga nýrra meðlima og eins til að reyna að uppgötva nýja skemmtilega ferðamáta. Farið hefur verið í styttri og lengri göngur, styttri og lengri bílferðir, hjólaferðir og skíðaferðir en misjafnt er hvað hefur vakið mesta lukku. Þá hefur félagið boðið upp á stuttar gönguferðir einu sinni í mánuði yfir vetrartímamann sem kallast fræðslugöngur og þá hefur verið gengið um svæði með merkilega náttúru eða sögu enda býr nærsvæði félagsins yfir miklum fjölbreytileika og sagan er merkileg aftur til landnáms. Þetta hefur mælst vel fyrir og þátttaka hefur verið með ágætum. Það er ánægjulegt að Ferðafélag Djúpavogs leggur sitt af mörkum til að viðhalda menningararfi svæðisins með þessum hætti.

Félagið hefur boðið upp á ferðir sem eru sniðnar að yngra fólki, börnum og unglingum enda er gríðarlega mikilvægt fyrir framtíð félagsins að stuðla að endurnýjun til framtíðar. Má þar nefna tjaldútilegu og ferðir á Búlandstind þar sem þátttaka var góð og þær raddir heyrast alltaf öðru hvoru að ferð á Búlandstind, einkennisfjall svæðisins, ætti að vera árviss viðburður. Og hver veit, kannski er það alveg hárrétt.

Við tökum vel á móti nýjum félögum og hvetjum við fólk til að ganga í félagið. Með því getur fólk haft áhrif á starfsemi félagsins, látið draumaferðina verða að veruleika. Ferðafélag Djúpavogs er deild innan Ferðafélags Íslands og meðlimir njóta sérstakra fríðinda í skálum félagsins og ferðum, þeir fá árbók félagsins, auk þess sem þeir njóta afsláttá í fjölmörgum verslunum.

Þessa dagana er verið að setja saman ferðaáætlun fyrir árið 2025. Allar ábendingar eru vel þegnar og við hlökkum til komandi tíma og allra ferðanna sem við eigum eftir að fara í. Oftast kemur betri manneskja til baka úr ferðunum, útivistin, hreyfingin, ferska loftið og að sjá eitthvað nýtt gerir okkur alltaf gott. Að lokum vill Ferðafélag Djúpavogs þakka þeim sem hafa tekið þátt í starfsemi, farið í ferðir og sýnt okkur stuðning og við hlökkum til komandi árs.

Fylgjast má með starfsemi Ferðafélags Djúpavogs á Facebook síðu félagsins.

Vonandi sjáum við ykkur sem flest á komandi ári.

Bestu ferðakveðjur frá Ferðafélagi Djúpavogs,

Kristján Ingimarsson, formaður.



SKILTI VIÐ BÆINN VETURHÚS Í HAMARSDAL



Systkinin frá Veturshúsum



Snjólfur Stefánsson bóndi Veturhúsum

Ásdís Sigurðardóttir húsfrau
Veturhúsum

Skiltið í Veturhúsum

Bærinn Veturhús var innsti bærinn í Hamarsdal. Síðustu afkomendur á bænum og þau sem bjuggu þar lengst voru hjónin Snjólfur Stefánsson og Ásdís Sigurðardóttir. Þau eignuðust sjö börn sem hér eru talin upp í aldursröð; Kristinn Sigurður (lést á fyrsta ári), Steinunn Dagmar, Málfríður Halldóra, Ingvar Þórlindur, Sigurbjörg, Kristborg Stefanía og Þórður. Þá var Kristján Jónsson í fóstri hjá þeim hjónum frá átta ára aldri.

Sumarið 2023 sátum við, ásamt mömmu, pabba og Kolbrúnu frænku við eldhúsbörðið í Bár. Þar segir Kolbrún okkur frá hugmyndinni um að setja upp skilti með nöfnum Ásdísa og Snjólfis og barna þeirra, þar sem bærinn stóð inn í Hamarsdal. Við ræddum hvernig best væri að ná til sem flestra afkomenda, þannig að þeir sem hefðu áhuga gætu verið með. Meira gerðist nú ekki það árið en hugmyndin lét okkur ekki í friði og við ræddum þetta annað slagið.

Vorið 2024 var farið aftur yfir málið við eldhúsbörðið í Bár og nú var ákveðið að láta á þetta reyna. Við stofnuðum Facebook-hóp fyrir afkomendur þeirra sem bjuggu á Veturhúsum og kynntum hugmyndina þar. Undirtektirnar voru frábærar, margir sýndu því áhuga á að varðveita söguna um fólkið frá Veturhúsum. Á stuttum tíma hafði safnast nóg fjármagn til að hægt væri að kaupa skiltið.

Í ágúst síðastliðnum var skiltið sett upp á þeim stað sem bærinn Veturhús stóð. Ríflega sextíu afkomendur lögðu leið sína inn í dalinn og áttum við þar saman dásamlega stund. Skiltið stendur nú sem tákn um staðinn og fólkið frá Veturhúsum og við hliðina á því var settur steinn, sem afkomendur höfðu látið gera árið 2003.

Okkur langar að nýta tækifærið og þakka öllum þeim sem komu að þessu verkefni og sérstaklega þakka Kolbrúnu frænku, hún var forsprakinn í þessu öllu saman.

Bryndís og Kristborg Ásta Reynisdætur



Hópmynd tekin í Veturhúsum

CITTASLOW Á DJÚPAVOGI

Samráðshópur Cittaslow var stofnaður í byrjun árs 2023 og var í grunninn settur á stofn með það að markmiði að efla vitund og starf í anda Cittaslow á svæðinu. Lagt var til með að hópurinn myndi funda tvisvar til fjórum sinnum á ári.

Hópurinn hefur síðan fundað margfalt oft en lagt var upp með og tekið föstum tókum félagslega viðburði eins og utandagskrá Hammondhátíðar og Daga myrkurs. Hópurinn skipuleggur einnig Cittaslow sunnudaginn á hverju ári en hann er haldinn síðasta sunnudag september mánaðar í öllum aðildarbæjum Cittaslow.

Hópurinn tekur fyrir ábendingar og tillögur sem berast og reynir að beita sér fyrir því viðhalda þeim hlutum og viðburðum sem sameina fólk okkar og ríma við gildi Cittaslow um hæglæti, aukin lífsgæði og ánægju íbúa.

Hópurinn vill minna fólk á að hann tekur við ábendingum og/eða tillögum um allt er varðar birtingarmynd Cittaslow í þorpinu og nærumhverfi þess og hvetur fólk til að hafa samband. Senda má erindi ykkar til eidur.ragnarsson@mulathing.is sem kemur þeim til skila.

Samráðshópur Cittaslow stefnir á að halda opinn íbúafund þar sem öllum er frjálst að mæta og spjalla um vegferð okkar í hæglætishreyfingunni.

Takið miðvikudaginn 22. janúar 2025 frá kl. 20:00

Njótum í núinu!

Samráðshópurinn skipa; Íris Birgisdóttir, Greta Mjöll Samúelsdóttir, Þórdís Sigurðardóttir og Þorbjörg Sandholt.

CITTASLOW SUNNUDAGURINN



Cittaslow sunnudagurinn var haldinn hátíðlega 29.september í ár. Ákveðið var að gefa íbúum færi á því að upplifa Djúpavog eins og ferðafólkið sem okkur heimsækja hvert sumar. Boðið var upp á leiðsagða menningarferð um þorpið sem þúsundir ferðamanna fóru í síðustu misseri, en ferðin var farið á þremur tungumálum. Frítt var inn á söfnin í bænum og haldinn var markaður í Löngubúð. Íbúar voru hvattir til að upplifa þorpið okkar sem gestir, njóta þess sem hér er að bjóða og sækja veitingastaði í nærumhverfi.

Samráðshópur Cittaslow þakkar góðar viðtökur og þátttöku

**Bakkabúð óskar öllum
gleðilegra jóla og
þakkar viðskiptin á árinu.**

**Opnunartími í desember verður
auglýstur
á facebooksíðu Bakkabúðar.**



RUSLAFÖTUR Í NÝJUM BÚNING



-birtingarmynd Cittaslow í þorpinu okkar-

Stundum þarf ekki mikið til að gleðja augað og jafnvel birta upp skammdegið. Eins og glögg hafa eflaust tekið eftir eru nokkrar ruslatunnur þorpsins orðnar heldur skrautlegri en þær voru áður. Ein af annarri bætist við og ákvað Bóndavardan að fara á stúfana og komast að því hvert listafólkið er á bakvið yfirhalinguna.

Hildur Björk Þorsteinsdóttir kennir listgreinar í Djúpvogsskóla en hún sá ruslafötur í Vestmannaeyjum fyrir nokkrum árum sem málaðr höfðu verið á óhefðbundinn hátt. Seinna kom umræða á fésbókarsíðum hér á Djúpavogi og Hildur og Nökkvi hjá áhaldahúsinu ákváðu að slá til og búa til samvinnuverkefni skólans og áhaldahúss. Nemendur 7. – 10. bekkjar hafa því unnið heilmikla hugmyndavinnu og þurfa að teikna upp hugmynd af ruslatunnu áður en þau mála hverja tunnu fyrir sig. Þemað í verkefninu er Ísland og Djúpvogur og eiga nemendurnir að reyna að halda sér innan þeirra marka. Notast er við olíumálningu sem er erfið viðureignar og fer illa með pensla og fatnað. En nemendurnir hafa staðið sig vel í þessu skemmtilega en krefjandi verkefni. Í heildina eru 15 tunnur en aðeins er unnið með 5 tunnur í einu. Nokkrar eru komnar upp og einhverjar eftir þegar greinin er skrifuð. En gaman verður að sjá lokaniðurstöðuna þegar allar ruslatunnurnar hafa litið dagsins ljós í glænýjum búning.

Svona verkefni eru fullkomin birtingarmynd Cittaslow í þorpinu okkar þar sem fólk vinnur saman til að fegra umhverfi allra og staðbundnum hlutum er fagnað. Einnig getur það stuðlað að bættri lýðheilsu þar sem íbúar fara í kannski í gönguferðir til að finna og skoða listaverkin. Eða hvetur til annars konar samveru í formi sunnudagsbíl túrs með fjölskyldu og vinum til að berja ruslafötur augum. Allt eitthvað sem gerir gott betra!



Ætlar þú
að setja X
við jólin?

DAGATÖL
JÓLAKORT
LJÓSMYNDIR
STRIGAMYNDIR
MYNDARAMMAR
JÓLADAGATAL 1-24



HÉRAÐSPRENT

Miðvangi 1 / 700 Egilsstaðir
471 1449 / print@heradsprent.is
www.heradsprent.is

*Gleðileg jól og
farsoelt komandi ár*



*Hænar þakkir fyrir sumarið og
móttökurnar á matarvagninum.*

Sjáumst næsta vor



HÆGLÆTISHÁTÍÐ DJÚPAVOGSSKÓLA

Hæglætishátíð Djúpavogsskóla var haldin 27. september á haustönn í fyrsta sinn. Þar var lögð áhersla á að efla Hæglætisstefnuna, Cittaslow, í skólastarfi, en Hæglætisstefnan Cittaslow er bæði stefna Djúpavogsskóla og samfélagsins alls á Djúpavogi.

Þar var fjölbreytt dagskrá í boði. Gongslökun fyrir alla nemendur og gongslökun í sundi með Arnbjörgu Kristínu gongmeistara og iðjubjálfa, til að efla andlega vellíðan og slökun. Nemendur héldu skiptimarkaði á dóti og bókum. Þeir komu og fóru með nýtt/gamalt dót og bækur heim í nafni nægjusemi, nýtni og sjálfbærni. Nemendur á unglingastigi skipulögðu og settu á laggirnar kaffihús til að njóta góðrar samveru. Opnaður var grænmetismarkaður með uppskeru úr skólagörðum Djúpavogsskóla, en skólagarðarnir voru endurvaktir vorið 2023 í kjölfar innleiðingar Heilsueflandi skóla, hvar nemendur sjá um að sá og setja niður grænmeti og kryddjurtir á hverju vori. Kynslóðir tengdust og ræktuðu menningu samfélagsins saman í félagsvist, en í lok skóladags var kennd og haldin félagsvist. Fulltrúar úr hópi spilara í félagsvist á Djúpavogi komu og leiðbeindu nemendum því spilakvöld í félagsvist hafa verið fastur liður á Djúpavogi í tugir ára og eru bæði skemmtilegar og notalegar samverustundir. Reyndar komumst við að því að félagsvistarstundirnar í skólanum þurfa að vera fleiri, lengri og í minni hópum. En kennslan í félagsvist sló í gegn hjá mörgum nemendum og sumir nemendur hafa áhuga á því að mæta á spilakvöld í framtíðinni. Sannarlega munum við bjóða aftur upp á félagsvist í skólanum.



Hugmyndasamkeppni um logo Djúpavogsskóla var sett af stað, þar sem nemendur, aðstandendur og allir íbúar Djúpavogs voru hvattir til að senda inn hugmyndir. Vinningshugmyndirnar þrjár sem verða valdar til grundvallar í hönnun logosins verða kynntar í byrjun desember. Vinningshafarnir þrír fá aðgang í Vök-böðin, aðgang í Skógarböðin, máltíð á Hafid Bistro og máltíð í Löngubúð. Við þökkum Löngubúð, Hafinu Bistro, Vök og Skógarböðunum kærlega fyrir stuðninginn.

Áætlað var að hafa „Búbluna Þrándarjökul“, sem er hvelft skynjunarrými með tilvísan í Þrándarjökul, á bókasafni fyrir núvitundar- og sögustund hljóðbókar. Þar var áætlað að kynna til sögunnar útgáfu á hljóðbókinni „Um loftin blá“ (1940), seinni barnabók Sigurðar Thorlacius (4. júlí 1900 – 17. ágúst 1945), sem Þórdís Sævarsdóttir, skólastjóri, stóð fyrir að yrði tekin upp í leiklestri Arnars Jónssonar leikara árið 2023, með stuðningi Menningarstyrks Múlapings. Hljóðbókin „Um loftin blá“ kemur út nú í desember 2024, á hljóðbókarveitunni Storytel.

Í Djúpavogsskóla starfar frábært starfsfólk sem ber hag nemenda fyrir brjósti, og sinnir starfi sínu með unga fólkinu af áhuga, frumkvæði, vandvirkni og umhyggju. Eitt af þeim metnaðarfullu verkefnum sem hefur farið af stað á haustönn 2024 er nýstofnað „útikennsluteymi“ sem hefur skólaþróunarstarf í að efla bæði útikennslu og útinám. Þetta mun hvetja til aukinnar útiveru ungs fólks og efla fjölbreytta kennsluhætti í Djúpavogsskóla. Eitt af frábærum verkefnum útikennsluteymis Djúpavogsskóla er að stofna til samstarfs við Skógræktarfélag Djúpavogs, um að gera Hálsaskóg að grenndarskógi skólans, byggja upp útikennslu- og útinámssvæði í Hálsaskógi, m.a. að setja upp skýli og aðra skemmtilega aðstöðu. Mikilvægt er að skoða saman möguleikann á að fá góðan göngu- og hjólastíg í Hálsaskóg til að grenndarskógur geti nýst vel í skólastarfinu.

Hildur Björk, listgreinakennari, hefur átt gott samstarf við Skógræktarfélagið á liðnum árum og það er tilhlökkunarefni að starfa áfram í góðri og nú enn fjölbreyttari samvinnu við Skógræktarfélag Djúpavogs. Stofnun útikennsluteymis Djúpavogsskóla er einn af mikilvægum þáttum í að efla og innleiða hæglætisstefnuna í Djúpavogsskóla, m.a. að eiga gott samstarf við nærsamfélag skólans, að efla grenndarnám og að læra að þekkja nærumhverfi sitt og náttúru eins og lófann á sér.

Við bjóðum ykkur öllum aftur á Hæglætishátíð Djúpavogsskóla á vorönn 2025, auk þess að bjóða ykkur einnig á einstaka viðburði tengda hæglæti, m.a. í jóladagskrá Djúpavogsskóla á aðventunni.

Hlökkum til að sjá ykkur í skólanum.

f.h. starfsfólks Djúpavogsskóla.

Þórdís Sævarsdóttir, skólastjóri.



Menningarstyrkir í Múlaþingi

Byggðaráð Múlaþings auglýsir til umsóknar styrki til menningarstarfs á árinu 2025 með umsóknarfresti til og með 20. desember 2024

Múlaþing veitir menningarstyrki til almennrar liststarfsemi, viðburða eða verkefna. Umsækjendur skulu tengjast Múlaþingi með búsetu, með því að viðburðurinn fari fram í Múlaþingi eða feli í sér kynningu á menningarstarfsemi Múlaþings.

Styrkir eru að upphæð 50.000-500.000 kr.

Tvær úthlutanir verða á árinu 2025. Til úthlutunar í þessari fyrri úthlutun eru 8.188.800 kr. en 2.047.200 kr. verða til úthlutunar í seinni úthlutun sem auglýst verður í ágúst.

Sótt er um styrk með rafrænum hætti á Mínum síðum sveitarfélagsins og fer innskráning þar fram með rafrænum skilríkjum. Nánari upplýsingar má nálgast á heimasíðu sveitarfélagsins og hjá Elsu Guðnýju Björgvinsdóttur, verkefnastjóra menningarmála á elsa.bjorgvinsdottir@mulathing.is eða í síma 4 700 700.

Verkefnastjóri menningarmála verður með viðveru á skrifstofu sveitarfélagsins á Djúpavogi þriðjudaginn 3. desember (með fyrirvara um breytingar). Hægt er að bóka tíma á fyrrgreindu netfangi eða líta við til að fá upplýsingar og/eða ráðgjöf.

Cultural Grants in Múlaþing

Múlaþing Executive Board calls for applications for cultural project grants for 2025. The application deadline is December 20th 2024.

Múlaþing cultural grant is intended for artistic activities, events, or projects. Applicants must be connected to Múlaþing in some way, either through residence, that the event takes place at Múlaþing or includes a promotion for Múlaþing's cultural activities.


Grants are in the amount of 50.000 kr. - 500.000 kr.

This is the first allocation for 2025, 8.188.800 kr. will be allocated in the first round. The second allocation will be for 2.047.200 kr. and will be advertised in August 2025.

To apply please use the municipality Resident Portal (Mínar síður), and log in with Electronic ID.

For further information or advice please contact Elsa Guðný Björgvinsdóttir cultural project manager at elsa.bjorgvinsdottir@mulathing.is or 4 700 700.

Cultural project manager will be present in Djúpihogur on Desember 3rd (subject to change). You are welcome to stop by to discuss projects and applications. You can book a time in advance at elsa.bjorgvinsdottir@mulathing.is



ULLARÞRÆÐIR - EINSTÖK MYNDLISTARSÝNING Í LÖNGUBÚÐ Í SUMAR

Sunnudaginn 9. júní var opnuð myndlistarsýning í Löngubúð á Djúpavogi þar sem verk Önnu Jónsdóttur Thorlacius frá Strýtu við Hamarsfjörð voru til sýnis. Sýningin var einstök á heimsvísu þar sem verkin eru unnin úr ullarkembum og ekki eru margir listamenn sem hafa lagt áherslu á slíkt efnisval. Anna Jónsdóttir fæddist á Strýtu við Hamarsfjörð en bræður hennar, þeir Ríkarður og Finnur náðu miklum frama á listasviðinu. Ríkarður sem myndhöggvari og Finnur sem listmálari. Anna bjó líka yfir miklum hæfileikum eins og sést á verkum hennar sem tilheyra textillist en kembumyndirnar eru ekki einungis einstakar vegna þess frumlega efnis sem notað er í þær, heldur líka vegna þess að þær eru listilega gerðar.

En hvað eru kembur? Það er ekki furða að spurt sé þar sem kembur tilheyra vinnubrögðum sem ekki eru lengur stunduð. Þegar ull var kembd með kömbum urðu til kembur. Kambarnir eru tvö tréspjöld með handföngum og fjöldamörgum litlum broddum, þar á milli var ull sett og næst var nuddað saman. Við það urðu til kembur sem var efni í lopa. Kemburnar voru ullarhnoðrar sem svo voru teknir og spunnir til þess að búa til þráð sem svo er þrjónað úr.

Allt hófst þetta þegar Anna gætti dótturdóttur sinnar. Anna lagði sig út af og breiddi yfir sig marglitt heklað teppi. Litla frænka hennar reytti hnökra af teppinu. Útvegað var lím og blað til að hafa ofan af stúlkunni sem dundaði við að líma hnökrana á blaðið og þegar Anna virti fyrir sér útkomuna tók listamannsaugað við sér og hugmynd kviknaði. Anna prófaði að leggja kemur á spjald og raðaði eftir kúnstarinnar reglum þar til verkið varð til. Kemburnar voru aldrei límdar niður eða festar á annan hátt, heldur lagðar þar sem Anna valdi þeim stað. Því næst var gler lagt yfir og að lokum slegin rammi utan um. Anna gekk frá myndum sínum frá upphafi til enda.

Myndefnið sótti Anna fyrst og fremst í íslenska náttúru og landslag en einnig gerði hún óhlutbundnar myndir. Hvort sem það var litadýrð sumarsins eða haustlitirnir, fossar, stuðlaberg eða annað sem íslensk náttúra hefur upp á að bjóða. Allt sprettur þetta ljóslifandi fram í verkum hennar. Anna dregur fram allt hið íslenska, grámann, dulúðina, hrikaleikann og fegurðina. Þetta má allt saman sjá á myndum hennar og voru þær til sýnis í Löngubúð í sumar.

Anna tilheyrir fjölmönnum hópi alþýðulistafólks en með sýningunni var leitast við að kynna list Önnu fyrir gestum Löngubúðar þannig að Anna Thorlacius og hennar einstöku listaverk gleymist ekki og hverfi í aldanna skaut án þess að hafa verið gaumur gefinn. Alþýdulistin er hluti af okkar menningu alveg eins og sú lærða og hefur jafn mikla þýðingu fyrir þjóðina.

Heimildir: grein Ullarþræðir í síðasta tölublaði Glettings í vor.



Anna Jónsdóttir Thorlacius



Óskum starfsfólki, viðskiptavinum og samstarfsaðilum gleðilegrar hátíðar og farsældar á nýju ári.

Hádegisverður í boði alla virka daga til 20. desember.

21. desember skötuveisla kl:19:00.

Bestu Jólakveðjur frá Löngubúð Auður og Bergþóra



1. desember.

Tendrun Jólatrésins Bjargstúni kl.17:00

4. desember

Rauðakrossbúðin opin í Sætúni kl.18:00 - 19:00

Jóla kvöld í Tryggvabúð fyrir 60+ kl.19:00

5. desember

Jólamarkaður Kvenfélagsins Vöku í Löngubúð kl. 17:00 – 19:00

8. desember.

Jólatréssala Skógræktarfélagssins í Hálsaskógi kl. 13:00 - 14:00

Berufjarðarkirkja. Guðspjónusta kl. 14.00

11. desember

Rauðakrossbúðin opin í Sætúni kl.18:00 - 19:00

Aðventuhátíð Djúpavogskirkja kl. 20.00

15. desember

Jóla fjölskyldu samvera foreldrafélags leikskólans í Hálsaskógi kl. 14:00

17. desember

Jólaball í leikskólanum

Síðasta opnun bókasafnsins fyrir jól kl. 16:00 – 18:00

Jóla smákökugerð í Zion fyrir 7. – 10.bekk

18. desember

Rauðakrossbúðin opin í Sætúni kl.18:00 - 19:00

Jóladagskrá á Djúpavogi og nágrenni

19. desember

Kósýdagur á leikskólanum
Jólakósý í Zion fyrir 4. – 6. bekk

20. desember

Stofujól í grunnskólanum
Karíókí á Faktor brugghús

21. desember

Skötuveisla í Löngubúð kl.19:00

23. desember

Kristján Ingimars trúbbar á Faktor brugghús frá kl. 21:00-23:00

24. desember - Aðfangadagur jóla –
Aftansöngur kl. 17.00

28. desember

Kokteilakvöld á Faktor brugghús

29. desember.

Hofskirkja í Álftafirði Guðsþjónusta kl. 14.00

30. desember.

Flugeldasala Björgunarsveitarinnar Báru í Sambúð kl. 10:00 – 13:00

31. desember.

Flugeldasala Björgunarsveitarinnar Báru í Sambúð kl. 10:00 – 13:00

Áramótabrenna Hermannastekjum kl.17:00

Faktor brugghús opnar 00:30 og DJ Hilmir Dagur spilar frameftir nóttu

FÁIR LIFA ÁSTAR ÁN

Tilurð verkefnisins


Fyrir nokkrum árum færði Alda Jónsdóttir, búsett á Fossárdal, mér möppu með ljósritum af handskrifuðum ljóðum eftir afa sinn, Antoníus Sigurðsson Djúpavogsskáld. Ég þekkti ekki mikið af kveðskap hans þá en hafði heyrt kvæði sem kallast Landabragur, eða Hugleiðingar um lesturinn, nokkrum sinnum. Mappan innihélt hvorki meira né minna en rúmlega 300 ljóð og vísur eftir Antoníus sem raðað var upp í tímaröð. Þau elstu frá því hann var átján ára og þau yngstu frá því skömmu áður en hann lést. Ég fór strax að reyna að stauta mig í gegnum ljóðin og sá fljótt að þarna hafði ég í höndunum mikinn fjársjóð sem væri mikilvægt að varðveita og þyrfti að komast fyrir almenningssjónir með einhverjum hætti.

Ég hófst því handa við að slá þeim inn í tölvu en heldur gekk það nú seinlega. Þegar ég var búinn að skrá um það bil þriðjung ljóðanna setti ég mig í samband við Magnús Stefánsson, formann Félags ljóðaunnenda á Austurlandi, sem hefur staðið að útgáfu fjölda austfirskra ljóða undanfarin ár. Ég útskýrði fyrir honum hvað ég væri með í höndunum og það stóð ekki á honum að grípa þennan bolta með mér, áhuginn var svo sannarlega til staðar. Magnús tjáði mér að stjórnin hafi um nokkurt skeið haft augastað á Antoníusi og á fundum félagsins hafi oft komið til tals að gefa út ljóð hans. Í framhaldi af samtali okkar Magnúsar var ákveðið að félagið myndi gefa út verk Antoníusar, að því gefnu að ættingjar væru því samþykkir.


Alda hafði samband við ættingja sína og fékk hjá þeim samþykki að ljóðin yrðu gefin út og fagnaði hún og fleiri því að verk Antoníusar kæmst á prent og myndu þannig lifa um ókomna tíð. Þegar Alda hafði samband við mig til að láta mig vita af þessu færði hún mér þær gleðifréttir að Jón Gunnar Axelsson, langalangafabarn Antoníusar, hefði lokið við að skrá öll ljóðin í tölvu og því þyrfti ekki að halda þeirri vinnu áfram. Vinna Jóns Gunnars við útgáfu þessa er ómetanleg og við sem stöndum að þessari útgáfu færum honum bestu þakkir.

Fljótlega kom í ljós að Félag ljóðaunnenda á Austurlandi myndi ekki ráða við að gefa öll 300 ljóðin út í einni bók þar sem útgáfa af þessu tagi er kostnaðarsöm, kostnaður eykst með umfangi en innkoman er ekki í takt við umfang útgáfunnar. Því varð það úr að við Magnús formaður grísum frá hluta af ljóðunum sem þó eru varðveitt annarsstaðar. Þau ljóð sem ekki komust á prent eru erfi- brúðkaups- eða afmælisljóð en mikill fjöldi af slíkum ljóðum var í safninu. Þar sem þau eru keimlík þótti okkur ekki þörf á að birta þau öll en sýnishorn af þeim eru í bókinni.

Alda Jónsdóttir á miklar þakkir skildar fyrir hennar þátt í þessari útgáfu en því miður entist henni ekki aldur til að fá bókina í hendur, hún lést þann 11. mars 2024, blessuð sé minning hennar.



Antoníus Sigurðsson frá Vegamótum, faðir Rögnu í Bjarka að slá á Hamri. Hann var fóstaraður upp hjá Kristínu Bessadóttur (í Urðarteigi og á Piljuvöllum).





Bókabúðin í Röst hefur nú opnað á ný og verður opin allan sólarhringinn fram að jólum

Vandað úrval og stórt upplag af

Pabbabröndurum III

Heyrðu í Bigga Thorberg og kláraðu gjafainnkaupin í heimabyggð

Lífsferill

Antoníus Sigurðsson fæddist á Kelduskógum á Berufjarðarströnd þann 14. október 1875, sonur hjónanna Sigurðar Sigurðssonar og Halldóru Gísladóttur frá Krossgerði. Hann ólst ekki upp hjá foreldrum sínum, en var fósturður upp af Kristínu Bessadóttur í Kelduskógum og manni hennar Sigurði Ásmundssyni. Antoníus kvæntist Þórunni Erasmusdóttur sunnan úr Meðallandi um aldamótin 1900 og eignuðust þau eina dóttur, Ragnhildi en hún var fædd árið 1901. Á þessum árum voru Antoníus og Þórunn í vinnumennsku á Gilsá í Breiðdal en árið 1906 fluttust þau til Djúpavogs þar sem þau byggðu sér hús neðan við Klifið og nefndu það Vegamót. Var það heimili þeirra upp frá því. Antoníus starfaði við ýmis verkamannastörf til að mynda við kaupavinnu í sveitum, m.a. í Löndum í Stöðvarfirði og við sláturstörf á haustin. Ekki hlaut hann mikla menntun en var sjálfmenntaður og fékkst eitthvað við barnakennslu í heimahúsum þó hann hafa ekki verið kennari við barnaskólann á Djúpavogi. Þá var hann lengi meðhjálpari í Djúpavogskirkju, en þeir voru góðir vinir hann og séra Jón Finnson í Hrauni, nágrenni hans.

Antoníus Sigurðsson andaðist á heimili Rögnu dóttur sinnar, Bjarka á Djúpavogi. En húsið stóð skammt frá grunnskólanum. Í kirkjubók er dánardagur hans skráður þann 9. október árið 1944.

Kveðskapurinn

Ljóð Antoníusar bera það með sér að hann hafi verið tilfinninganæmur, eins og skáld eru gjarnan. Líf hans var ekki alltaf dans á rósum en náttúran, fjölskylda og vinir hafa veitt honum gleði og hamingju.

Yrkisefni Antoníusar voru margvísleg en þó er hægt að flokka ljóðin hans í nokkra meginflokk. Fyrst ber að nefna ljóð sem samin eru til fólks við hin ýmsu tilefni, aðallega afmælis-, brúðkaups-, og erfljóð en greinilegt er að mikið hefur verið leitað til Antoníusar og hann beðinn um að yrkja ljóð. Mörg ljóðin fjalla um ákveðna daga ársins eða tímamót og svo eru mörg ljóð sem fjalla um ákveðna staði eða náttúruleg fyrirbæri og við lestur margra ljóðanna má geta sér þess til að Antoníus hafi verið mjög trúaður maður. Þá liggur fjöldinn allur af stökum eftir Antoníus og eru þau af ýmsum toga en nánast öll ljóð Antoníusar eru ort með hefðbundnum hætti, með stuðlum, höfuðstöfum og endarími.

Sumum ljóðanna tengjast sögur sem vert væri að birta og myndu þannig gefa þeim aukið vægi. Dæmi um það er ljóð Antoníusar sem flestir hafa heyrt Hugleiðingar um lesturinn, eða Landabragur, þar sem togstreitan milli þess að sinna búverkunum og iðka trúna er yrkisefnið. Ekki er pláss fyrir allar þessar sögur hér enda er fyrst og fremst verið að halda ljóðunum til haga.

En hvernig hefur allur þessi fjöldi ljóða varðveist? Það er ekki gott að segja en til eru sögur um það að Antoníus hafi skrifað ljóðin upp sjálfur á hina og þessa bréfbúta en ekki hirt um að halda þeim saman heldur hafi aðrir hirt upp ljóðin. Sem dæmi um þetta er áðurnefnt ljóð Hugleiðingar um lesturinn eða Lesturinn í Löndum. Antoníus á að hafa skrifað ljóðið á bréfmiða en látið svo bréfmiðann detta á jörðina þar sem hann vissi að einhver yrði hans var og myndi taka hann upp og halda honum til haga. Handrit ljóðanna mun vera varðveitt á Landsbókasafninu.

Í bókinni eru elstu ljóð Antoníusar fremst og síðustu ljóðin sem hann orti eru aftast. Stökunum er öllum raðað saman í hluta bókarinnar. Antoníus hefur verið afkastamikið skáld sem virðist hafa átt auðvelt með að yrkja.

Það er von okkar sem höfum unnið að þessari útgáfu að með henni lifi nafn skáldsins Antoníusar Sigurðssonar um ókomna tíð og eins að þeir sem lesi þessa bók njóti lestursins og ljóða Antoníusar.

Kristján Ingimarsson
Djúpavogi

Fífillinn og fjólan (1904)

Einn fífill óx í fögrum lund
og fjóla spratt þar nær.
Það var fyrstu vorsins stund
er viknar fold og grær.

Þau uxu hvort við annars hlið
þeim yfir hvíldi ró
og umhverfis var sjónarsvið
er saklaus vonin bjó.

Og þegar húmið huldi láð
og hrundi döggin þétt
þau brugðu saman blöðin það
og blunduðu sætt og létt.

Svo þegar blessuð sólin skein
og sendi yl um grund
þau breiddu' út aftur blöðin hrein
á bjartri morgunstund.

Þau unnust bæði ofurheitt,
sú ást í fylgsnum bjó
og þeim fannst ekki lífið leitt
að lifa svona' í ró.

En þeirra' á milli þyrnir spratt
og þar við nokkuð brá,
að fjólan sár falkur vatt
með fagurgala þá.

Hann mælti hún yrði aldrei sæl
að elska fífillinn
er mundi reka hana' á hæl
í hörðu dimmviðrin.

Hún dró sig langtum lengra frá
þeim ljúfa fíflinum
og við hann sínum vinskaf brá
og veik úr lundinum.

En fljótt hún sá þá fólsku lygð
er fram bar þyrnirinn,
þá svall á blöðum hennar hryggð
og harmar fífillinn.

Hún leit ei framar þyrni þann
sem þessa snöru bjó,
því óðara var horfinn hann
með hræsni sína og róg.

Hún stendur hnípin alltaf ein
og er mjög fól að sjá,
hún grætur bljúg sín breysku mein
sem brestur lækning á.

En fífillinn er fögur síst
og fellir aldrei tár
því upp við hlið hans blóm eitt brýst
sem bætir raunasár.

EINSTAKLEGA VEL HEPPNAÐ MATARMÓT

Fjórða matarmót Matarauðs Austurlands var haldið í Sláturhúsinu á Egilsstöðum 9. nóvember. Undirbúningur stóð yfir í marga mánuði og má segja að uppskeruhátíðin, sem fram fór hafi tekist einstaklega vel.

Matarmótið hófst á morgunfundi þar sem markmiðið var að auka samtal og samvinnu, læra hvert af öðru, stækka tengslanet, skoða hvernig við getum betur nýtt hráefni og vörur úr heimabyggð. Fyrstur á mælendaskrá var Þráinn Freyr Vigfússon, eigandi Súmac og Óx. Hann fjallaði um sinn feril, hvað það er sem drífur hann áfram og hvernig hann leggur megin áherslu á staðbundin hráefni, að styðja við smáframleiðendur og leita eftir nýju bragði og nýjum réttum. Þráinn leggur megináherslu á að nota staðbundið hráefni og nýta það sem jörðin gefur. Þráinn er einn af okkar fremstu og athyglisverðustu matreiðslumönnum og hefur verið óþreytandi við að kynna okkur fyrir fjarlægum slóðum og nýjungum í mat.

Önnur á mælendaskrá var Heidi Holm frá Visit Færeyjar en hún stýrir nýju verkefni; Bændur og ferðapjónusta sem Visit Færeyjar og Færeyski landbúnaðarsjóðurinn standa að. Heidi fjallaði um verðmætasköpun í landbúnaði í Færeyjum, þar sem áhersla er á tengsl matar og ferðapjónustu og hvernig hægt er að (endur)tengja heimamenn og gesti við staðbundna framleiðslu. Þá sagði hún frá verkefni sem kallast Heimabliðni“ sem gengur út á það að bændur bjóða fólki heim – til að borða með þeim.

Þá tók við keflinu Jákup Sörensen, nefndarmaður í vestnorræna verkefninu Nora en það er sjóður sem styrkir verkefni þar sem markmiðið að gera Norðuratlantssvæðið (Ísland, Grænland, Færeyjar og Vestur-Noreg) að öflugu norrænu svæði, sem einkennist af sterkri sjálfbærri efnahagsþróun. Þar kemur maturinn sterkur inn og Jákup sagði frá tækifærum sem felast í þessari samvinnu og möguleikum á að sækja um styrki.

Að lokum sögðu Jákup og færeyski kokkurinn Gutti Winther frá keppninni „Young Arctic Chef“, sem haldin er ár hvert.



Að erindum loknum var boðið upp á samtal og nýttu gestir tímann vel til að ræða málin.

Matarmótið sjálft hófst klukkan 14:00, þar sem Gréta Bergrún Jóhannesdóttir, nýr formaður Matvælasjóðs setti mótið og það var strax ljóst að mikill áhugi var á því að kynna framleiðendum á Austurlandi. Sláturhúsið fylltist og má segja að fyrsta klukkutímann hafi verið ansi þröngt um fólk – en þröngt mega sátir sitja, segir einhversstaðar og flestir gestanna létu það ekki á sig fá og nutu þess að smakka góðan mat, hitta vini og kunningja og versla frábærar vörur. Þeir framleiðendur sem voru á svæðinu voru himinlifandi með móttökurnar og telja að matarmótið sé orðinn mjög mikilvægur vettvangur fyrir þau til að kynna vörur sínar og koma þeim á framfæri.

Á mótinu voru Snædís Xyza Jónsdóttir, þjálfari íslenska kokkalandslíðsins, Bjarki Snær Þorsteinsson, meðlimur í íslenska kokkalandslíðnu og Ægir Friðriksson, kennari í Hótel- og matvælasjólanum. Þau buðu fólk að smakka mat, sem þau höfðu eldað úr lítið nýttum og/eða vannýttum lambaafurðum. Þar mátti smakka djúpsteikta punga, lambahjörtu á spjóti og ýmislegt fleira. Afurðirnar sem þau elduðu úr voru gefnar af Sláturhússinu á Refsstað og búunum á Síreksstöðum og Refsstað. Auk þess var þessi hluti matarmótsins í samstarfi við nýja Nýtingarmiðstöð á Vopnafirði.

Danski kokkurinn Michale Miv Pederson og aðstoðarkokkur hans, Sigrún Sól Agnarsdóttir, buðu upp á fjölbreytt laxasmakk, í samstarfi við Kaldvík og Búlandstind. Þar mátti m.a. smakka hráan lax með dönsku kartöflusalati.

Þá vorum við einnig með góða gesti í heimsókn frá Færeyjum, en þau buðu upp á tvær tegundir af ostum, frækex, rabbarbarasultu, rabbarbaravín og sterkari vín (gin, vodka og ákavíti).

Talið er að um 900 manns hafi sótt viðburðinn, en það voru um 30 framleiðendur vara frá Austurlandi sem kynntu sig. Fjöldi sýnenda fer vaxandi með hverju árinu og ljóst að viðburðurinn hefur fest sig í sessi og er kominn til að vera. Eins og áður voru matvælaframleiðendur frá Djúpvogi og nágrenni mjög áberandi með sínar flottu og bragðgóðu vörur.

Mótið hefur frá upphafi verið styrkt af Sóknaráætlun Austurlands, auk þess sem Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið hefur styrkt verkefnið veglega sl. þrjú ár.

Austurbrú þakkar öllum sem mættu og hlakkar til að halda áfram að hlúa að austfirskum framleiðendum á sem fjölbreyttastan máta.

**LEFEVER SAUCE COMPANY ÞAKKAR
VIÐSKIPTIN Á ÁRINU SEM ER AÐ LÍÐA &
SENDIR YKKUR STÓÐANDI
HEITAR JÓLAKVEÐJUR**

**10%
AFSLÁTTUR
FYRIR ALLA
DJÚPAVOGSBÚA
(OG ANNAD SKEMMTILEGT
FÓLK)**

**Í VEFVERSLUN
ALLA
ADVENTUNA**

**AFSLÁTTARKÓDINN ER
"HEIMA ER BEST"**

LeFever SAUCE CO.

SINNE STEINT SVETTIST Á ALLT

BERA HOT SAUCE SVETTIST Á ALLT

JAXL HOT SAUCE SVETTIST Á ALLT

SKASS HOT SAUCE SVETTIST Á ALLT

DREKI HOT SAUCE SVETTIST Á ALLT

ALVÖR HOT SAUCE SVETTIST Á ALLT

CHILI SVETTIST

LeFever SAUCE CO.

QR code

HRÓSIÐ

Einlægt hrós lætur okkur líða vel, bæði þegar við veitum það og þiggjum. Þegar við hrósum sýnum við þakklæti, sem er grundvallarþörf mannsins og mikilvægt í öllum samskiptum.


Rannsóknir sýna að sömu stöðvar heilans lýsast upp þegar við fáum hrós og þegar við fáum umbun eða verðlaun. Ekki nóg með það þá hjálpa hrós okkur að læra og öðlast nýja þekkingu. Þetta vitum við vegna þess að þegar fólk fær hrós virkjast aðlægar brautir í bleikhnettinum í heilabotnskjarnanum sem er einn hvatningarhluti heilans. Vísindamenn halda því fram að með því að virkja þessar stöðvar með hrósi eykur það lærdóm sem fólk öðlast þegar það hvílir eða sefur. Ferli sem kallast „hæfileika samþjöppun“ eða skill consolidation. Með öðrum orðum þá hjálpum við fólk að læra og þeirra framkvæmdagetu með því að hrósa. Eitthvað sem yfirmenn mannaforða gætu glögglega haft í huga.

Þetta veit Bóndavardan og heldur úti hrósdálknum í hverri útgáfu blaðsins. Verum óhrædd að hrósa hvert öðru, það er erfitt að tapa á því og kostar hreinlega ekki neitt!



Karen Sveinsdóttir

Ég vil hrósa Kvenfélaginu Vöku og öllum þeim dásamlegu konum sem hafa tekið þátt í því óeigingjarna starfi sem felur í sér að halda uppi þeirri starfsemi. Sú góðvild sem þær hafa gefið og gert fyrir samfélagið okkar er ómetanlegt. Ég skora á ömmu mína Erlu Ingimundardóttur að koma með sitt hrós í næstu Bóndavörðu



Margrét Gústafsdóttir

Mitt hrós fá bestu nágrannarnir, en þá á ég. Þeir eru til staðar fyrir mig og stökkva til ef á þarf að halda.

Ég skora á Kristínu Friðriksdóttur að koma með sitt hrós í næsta blað.



Ólafur Áki Ragnarsson

Starfsmenn áhaldshúss á Djúpavogi fá mitt hrós. Þeir sinna staðnum okkar vel, lagfæra göngustíga, halda bæjarlandinu hreinu og þorpinu í heild. Eru sífellt að bæta ásýnd okkar fallega bæjarstæðis á hinum ýmsu sviðum. Enda er þorpið okkar sérstaklega þrífalegt og vel um gengið. Þá má ég til að gefa Gretu Mjöll hrós fyrir að laða til sín fólk á öllum aldri út í íþróttahús á hinum ýmsu tímum dagsins, í fjölbreyttar mannbætandi íþróttaviðburði.

Ég tilnefni Ragnheiði Margréti Eiðsdóttur til að koma með hrós í næstu Bóndavörðu.



Þórarinn Fannar Bielecki Steinunnarson

Mig langar að hrósa strákunum hjá SG vélum fyrir góð störf innanbæjar undanfarið og fagmennsku þeirra í öllu sem þeir taka sér fyrir hendur. Og skora á Axel Kristjánsson að hrósa næst

RÚLLANDI SNJÓBOLTI 16



Við þökkum ykkur kærlega fyrir frábærar viðtökur á Rúllandi snjóbolta 16 sem fram fór daganna 6. júlí til 25. ágúst í ARS LONGA.

Rúllandi snjóbolta er alþjóðleg samtímalistasýning sem fram fór í níunda sinn á Djúpavogi í sumar. Í ár tóku 26 listamenn þátt í sýningunni bæði íslenskir og erlendir listamenn frá Kína og Evrópu, sem vinna með hina ýmsu miðla við listsköpun sína.

Við viljum þakka Kínversk-evrópsku menningarmiðstöðinni (CEAC) kærlega fyrir samstarfið sem og listamönnum fyrir framlag sitt til sýningarinnar. Einnig þökkum við Múlaþingi, Myndlistarsjóði og Uppbyggingarsjóði Austurlands fyrir stuðninginn.

ARS LONGA óskar ykkur gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

Hlökkum til að taka á móti ykkur á sumarsýningu 2025.

KJÖRBÚÐIN
í næsta nágrenni

Gleðileg jól
OG FARSÆLT KOMANDI ÁR

**OPNUNARTÍMI
KJÖRBÚÐARINNAR
YFIR JÓL OG ÁRAMÓT**

Þorláksmessa: 9–21
Aðfangadagur: 10–13
Jóladagur: Lokað
Annar í jólum: Lokað
Gamlársdagur: 10–13
Nýársdagur: Lokað

HUGLEIÐING FRÁ SÉRA ARNALDI

„Er lægst er á lofti sólin, þá loksins koma jólin.“

Ef við hefðum ekki jólin í miðju skammdeginu væru dagarnir dimmir. Fá ljós í myrkri daganna og engin hátíð í hjörum okkar. Við sem hrífumst af atburðinum þegar barnið kom í heiminn fyrstu jólanóttina gleðjumst. Hin árvissa endurkoma jólanna er eitthvað sem við gætum ekki hugsað okkur að vera án. Þá loksins koma jólin eins og segir í jólalagi sem flestir þekkja er nokkuð sem minnir á eftirvæntingu, von, gleði, samvistir og góðar stundir. Auðvitað má finna eitt og annað neikvætt við allt jólaamstrið. Gjafirnar of margar fyrir alla ættingjana, maturinn dýr og fyrirhöfnin mikil við hátíðisdagana. Auðvitað verður hver og einn að stjórna þar sínum hátíðarhöldum og hafa þar taumhald á tilstandinu. Þar gildir sem og í öllu í lífinu að stjórna sínum eigin „hestvagni“ en láta ekki einhverjar ótemjur rjúka með sig yfir urð og grjót.

Það er svo ótalmargt sem er jákvætt við jólin. Við eigum frídaga sem eru kærkomnir. Fjölskyldan fær að vera í forgangi. Við gerum okkur dagamun, gleðjumst og fögnum. En mest er þó að Jesús Kristur er jólabarnið. Hann er sólin sem aldrei lækkar á lofti. Hann er miðja jólanna og tilgangur þeirra er að hylla hann og allt það sem Jesús stendur fyrir. Jesús er í senn sálhjálp manna og fyrirmynd í öllu er bætir og byggir upp hið góða mannlíf. Jesús er Frelsarinn. Jólin án Jesú eru eins og tóm flaska. Glerbrot sem aðeins bíða þess að molna í vélum endurvinnslunnar.

Boðskapur Jesú og dæmisögur hafa haft meiri áhrif á mannkyn en nokkuð annað. Sagan um manninn sem átti 100 kindur og týndi einni en fór og lagði á sig mikla leit að finna þessa einu til að bjarga henni. Eða sagan um miskunnsama Samverjann sem lét sér annt um slasaðan en ókunnan mann. Þessar sögur ásamt öðrum hafa mótað gildi og viðhorf kynslóðanna. Vegna þeirra eigum við heilbrigðiskerfi, félagsþjónustu, björgunarsveitir, góðgerðafélög og bókstaflega allt það sem hlúir að fólki í erfiðum aðstæðum. Sálgæsla og áfallahjálp beinlínis byggja á kenningum Jesú um virði hvers mannlífs og rétt okkar til að lifa vel. Jesús er þar sem einhver er okkur góður og við hlið okkar þegar við sýnum öðrum vinsemd og kærleika.

Guð gerðist maður í Jesú Kristi. Við eigum auðvelt með að lifa okkur inn í fyrstu jólanóttina þegar englakór söng og fjárhirðar í Betlehem fengu að upplifa undrið. Fátæk móðir ól barn í fjárhúsi. Barn breytti mannkynssögunni og hefur enn áhrif á líf allrar veraldar. Áhrif til hins betra. Heimur án Jesúbarnsins er verri heimur. Það er heimur myrkurs.

Þegar lægst er á lofti sólin kemur Jesús inn í líf okkar með ljós og birtu. Jesús kemur með huggun og von inn í erfiðar aðstæður. Hann sagði: „Biðjið og yður mun gefast leitid og þér munuð finna.“ Þau orð minna á hve bænin er mikilvæg sem og leitin að ljósinu sanna og öllu því sem gott er. Megi jólin færa þér kærleika og frið, lesandi góður og ekki síður þakklæti fyrir það góða sem jólin boða.

Gleðileg jól!

Sr. Arnaldur A. Bárðarson



Jólatré - Jólatré - Jólatré

Sunnudaginn 8. desember 2024, frá kl. 13:00 – 14:00
verða seld jólatré úr skógræktinni.
Farið er á bílastæðið við Hálsaskóg og fólk getur valið sér tré.
Komið með eigin sög ef þið viljið saga sjálf. Verð kr. 4.000.-
Verðum í Búrfellslundi
Heitt kakó og með því

Sjáumst hress

Skógræktarfélag Djúpavogs

FRÁ HEIMASTJÓRN DJÚPAVOGS

Metmæting var á haustfund heimastjórnar með íbúum mánudaginn 4. nóvember sl. Um og yfir 60 manns mættu á fundinn, en að jafnaði hafa um 40 manns mætt.

Fundurinn hófst á því að Aðalheiður Borgþórsdóttir og Elsa Guðný Björgvinsdóttir fóru yfir menningarstefnu og menningarstyrki Múlaþings sem eru samtals 10 milljónir á ári og hvöttu íbúa til að vera duglegri að sækja um. Þær lögðu áherslu á að vel úthugsaðar hugmyndir hefðu betri möguleika og hvöttu íbúa til að hafa samband við þær ef þeir vildu ræða hugmyndir og fá ráðgjöf um umsóknarskrifin. Ítarlegar upplýsingar um stefnuna og styrkina má finna á vef Múlaþings.

Fulltrúar HEF veitna, þeir Aðalsteinn Þórhallsson, Glúmur Björnsson og Haddur Áslaugsson, fóru yfir stöðuna og næstu skref í heitavatnsleitinni, fráveitu- og vatnsveitumálum, ljósleiðaravæðingu þéttbýlis og dreifbýlis - og svöruðu spurningum.

Eiður Ragnarsson, fulltrúi sveitarstjóra og starfsmaður heimastjórnar, fór yfir helstu framkvæmdir ársins og það sem er á döfinni og svaraði spurningum.

Að því loknu var opnað fyrir umræður um sölu fasteigna í eigu sveitarfélagsins sem urðu miklar og góðar. Upplýst var um að endurvekjja ætti Hollvínasamtök Gömlu kirkjunnar og halda aðalfund á næstunni, þar sem ný stjórn verður kjörin. Hugmyndin er að þau semji við sveitarfélagið um að halda utan um rekstur í kirkjunni. Þeim vendingum fagnaði heimastjórn mjög, enda markmiðið með bókun síðasta heimastjórnarfundar að koma hreyfingu á málið.

Bent var á að frumkvæðið að hugsanlegri sölu Faktorshússins hefði ekki komið frá sveitarfélaginu, heldur leigutaka sem hafi áhuga á að kaupa það og halda áfram uppbyggingu. Af umræðunum sem sköpuðust í kjölfarið er ljóst er að mikill meirihluti íbúa er mótfallinn því og því bókaði heimastjórn á fundi sínum, síðar í sömu viku, að ekki verði hugað að sölu á Faktorshúsi að sinni. Leggja eigi áherslu á að klára skipulag miðsvæðisins sem fyrst og setja skilmála um starfsemi á lóðum á miðbæjartorfunni til að tryggja að ekki sé hægt að setja hvaða starfsemi sem er í umrædd hús og að framtíðarsýn um nýtingu þeirra sé til staðar.

Cittaslow ráð heimastjórnar

Cittaslow ráðið sem heimastjórn fól starfsmanni sínum að hafa umsjón með, hefur haldið áfram af krafti það sem af er ári. Rétt er að rífa upp að í ráðinu sem var skipað í desember 2022 sitja kjarnakonurnar Greta Mjöll Samúelsdóttir, Íris Birgisdóttir, Þorbjörg Sandholt og Þórdís Sigurðardóttir. Ráðið hefur fundað tæplega 20 sinnum frá stofnun og er mikilvæg stoð í okkar Cittaslow samfélagi. Fundargerðir ráðsins má finna undir málnúmerinu 202203219 á vef Múlaþings.

Útivistar- og leiksvæðið

Í ár var tveggja milljóna króna samfélagsstyrknum veitt í aparólu á útivistar- og leiksvæðinu í Blánni sem var hugmynd frá foreldrafélagi leikskólans. Starfsmenn þjónustumiðstöðvarinnar (áhaldahússins) sáu um að setja hana upp og þakkar heimastjórn þeim fyrir vel unnið verk.

Ánægjulegt er hve svæðið hefur eflst og fjölbreytni leiktækja aukist á undanförunum misserum. Svæðið er þó enn of blautt og því beindi heimastjórn því til umhverfis- og framkvæmdaráðs að farið verði í framkvæmdir við að ræsa fram og þurrka svæðið á vormánuðum.

Axarvegur

Þegar þetta er skrifað er Öxi enn opin og var loks hefluð í annarri viku nóvember eftir frosta- og svo rigningatímabil og var þá orðin mjög holótt og ill yfirferðar. Vegagerðin gaf út í fyrra að þjónustutímabilið hefði verið lengt í báðar áttir; byrjað verði fyrr á vorin, mokað lengur og farið um miðjan vetur þegar snjólétt er. Heimastjórn mun halda áfram að gera sitt til að tryggja að staðið sé við það.

Beðið er eftir samgönguáætlun varðandi heilsársveginn. Hönnun vegarins er lokið og búið að bjóða út hönnun fjögurra brúa ásamt gerð kostnaðaráætlunar og verklýsinga fyrir útboðsgögn. Brýrnar eru um Innri Yxnagilsá, Merkjalæk og á tveimur stöðum yfir Berufjarðará.

Um 90 þúsund bílar hafa farið yfir Öxi það sem af er ári, þar af hátt í 60 þúsund yfir sumarmánuðina. Heimastjórn beindi því til sveitarstjórnar að þess verði farið á leit við innviðaráðherra að taka vegaframkvæmdir á Öxi af lista PPP verkefna og að ríkið fjármagni framkvæmdina. Öxi er sá vegkafla á landinu sem fellur hvað best að markmiðum samgönguáætlunar um aukið öryggi, styttingu vegalengda, tengingu byggða og umhverfismál og því eðlilegt að fjármunum verði forgangsraðað í anda þess.

Skemmtiferðaskip

Margir gestir sóttu Djúpavog heim í sumar og var oft líf og fjör í bænum. Almennt gekk sumarið vel, þó stundum hafi verið nokkuð þröngt á þingi. Eins og fram hefur komið var sú stefna sett að að hámarksfjöldi farþega í landi á Djúpavogi hverju sinni verði ekki meiri en 2.500. Minnum á að fylgjast má með komum skipa á slóðinni <https://portsofmulathing.is/is/cruise-ship-arrivals>.



Frá íbúafundi

Heimastjórn skoraði á yfirvöld að endurskoða áætlanir um að breyta skattheimtu á skemmtiferðaskip, því óvissan hefur leitt til þess að fyrirtækin eru farin að afbóka ferðir þar sem ekki liggur fyrir hversu mikið eigi að greiða eða hvenær. Ferðir með skemmtiferðaskipum eru seldar langt fram í tímann og skammur fyrirvari, ásamt mikilli óvissu, geri það að verkum að ekki er hægt að aðlaga verð ferðanna að umræddum breytingunum.

Mikil þjónusta við þessi skip hefur byggst upp á Djúpavogi undanfarin ár og einsýnt að fótunum verði kippt undan þeim fyrirtækjum verði áformin að veruleika. Áætlað er að heildartekjur Djúpavogshafnar verði um 230 milljónir í ár, þar af um 80 milljónir í gegnum hafnargjöld skemmtiferðaskipa sem eru nýtt í uppbyggingu hafnarinnar og svæðisins.

Nýja aðalskipulagið

Undirbúningur fyrir fyrsta heildstæða aðalskipulag Múlaþings hófst í ársbyrjun 2023 og er vinnan komin vel á veg. Fyrsti fasi af þremur er í opnu kynningarferli í gegnum Skipulagsgátt. Áætlað er að kynna vinnslutillögu í vor og auglýsa tillöguna næsta haust. Nánari upplýsingar má finna á vef Múlaþings undir þjónusta / skipulagsmál.

Innviðaframkvæmdir

Miklar innviðaframkvæmdir hafa verið í gangi undanfarin misseri og er staðan á þeim eftirfarandi:

Kalt vatn: Vatnsveitan lét bora tvær vinnsluholur við Búlandsá og er þar nægt vatn fyrir Djúpavog. Í haust var unnið að því að leggja lögna frá þessum nýju holum og tengja inn á lögnina sem liggur ofan úr Búlandsdal. Þegar þetta er skrifað er von á dælubúnaði og dæluhúsum á næstu dögum. Rafmagnstenging að holunum er í undirbúningi og er áætlað að tenging á nýjum vatnsbólum verði lokið fyrir júl.

Heitt vatn: Borað var inn á Hálsströnd í byrjun árs og var það tilraun til þess að finna heitt vatn sem nýtast myndi Djúpavogsbúum. Ekkert vatn fannst í þessari atrennu sem voru vonbrigði. Gengið var til samstarfs við ÍSOR um frekari mælingar og rannsóknir. Á grundvelli þeirrar vinnu er fyrirhugað að bora tvær tilraunaholur fyrir áramót og er von HEF að hægt verði að staðsetja heitt vatn með meiri nákvæmni eftir að þeirri borun lýkur.

Fráveita: Fráveitan að Langatanga var gangsett 31. október. Heldur seinna en vonir stóðu til, vegna smávægilegra byrjunarvandamála. En það er sérstakt fagnaðarefni að nú skuli útrásin í Djúpavoginn heyra sögunni til.

Ljósleiðari: Samið var við Austurljós um tengingu ljósleiðara í þéttbýlinu á Djúpavogi og eiga framkvæmdir að hefjast í lok árs. Fjarskiptasjóður styrkir verkefnið sem er í fjórum áföngum.

Þrífösun: Lagningu þriggja fasa rafmagns og ljósleiðara samhliða því að Kelduskógum er á lokametrunum. Á næsta ári er áætlað að halda áfram að Fossárdal. Drýsta þarf á að klára þrífösunina í Álftafirði og koma ljósleiðara og þriggja fasa rafmagns að Hamarsseli.

Aðrar framkvæmdir

Eins og íbúar þekkja eru og hafa verið ýmsar framkvæmdir í gangi í þorpinu. Sem dæmi er búið að grjótvjerja ströndina við Víkurland og malbika göngstíg frá Markarlandi að Eggjunum í Gleðivík.

Gengið hefur verið að mestu leyti frá gangstétt meðfram Eggjunum og setja upp lýsingu. Vonir standa til þess að Vegagerðin komi upp lýsingu milli Sæbakka og Bræðslu öðru hvoru megin við áramót. Göngustígur var lagður á milli íþróttahússins og leikskólans og gangstéttin við Löngubúð klárud.

Salernin í Sætúni voru tekin í notkun í vor og var það mikil bragarbót; bætti þjónustu við ferðafólk og dró úr álagi á aðra þjónustuaðila. Búið er að ganga frá lóð og bílastæðum, en lokafrágangur að utan er eftir.

Búið er að klæða grunnskólann að utan, en eftir að ganga frá þakköntum og huga þarf að að endurnýjun á þaki fljótlega. Skólalóðin var endurbætt umtalsvert og leikkastali settur upp. Í október var ný og glæsileg heimilisfræðistofa tekin í gagnið. Ákveðið var að fara í viðbyggingu við leikskólann og er undirbúningur að hönnun hafinn.

Framkvæmdum við gatnagerð við nýjar lóðir í Borgarlandi er að mestu lokið, gert er ráð fyrir malbiki á þann part Borgarlands á næsta ári. Vogaland var malbikað að hluta og bundið slitlag lagt að Höfða. Á haustdögum var lokið við að steypa þekjuna á bryggjuna og verður lokafrágangur kláraður næsta sumar. Búið er að undirbúa og hanna úrbætur á slökkvistöðinni og bjóða verkið út. Fyrsta áfanga á að vera lokið næsta vor.

Í tengslum við fjárhags- og fjárfestingaáætlanir Múlapings bókaði heimastjórn að nauðsynlegt væri að ráðast í endurbætur á Íþróttamiðstöð Djúpavogs vegna aukins áhuga á líkamsrækt. Nauðsynlegt væri að fara í viðbyggingu sem myndi hýsa ræktina og hefur verið bent á útisvæðið sem hentugan stað, en nýta það jafnframt fyrir það sem hentar að hafa utandyra. Samhliða því væri hægt að nýta svæðið í kjallara hússins undir endurbætta salernisaðstöðu og opna þannig á þann möguleika að nýta íþróttahúsið fyrir stærri viðburði.

Fundargerðir og yfirlitið yfir verkefni

Heimastjórn hvetur íbúa til að renna yfir fundargerðir sem við deilum inn á íbúahóp heimastjórnar á Facebook eftir hvern fund, til að vekja athygli íbúa á því að fundargerðin sé komin á netið. Fundargerðirnar eru stuttar og hnitmiðaðar og innihalda upplýsingar um mikilvægar ákvarðanir sem snerta íbúa. Eins viljum við minna á að í lok hverrar fundargerðar er svokölluð skýrsla fulltrúa sveitarstjóra þar sem upplýst er um stöðu mála sem skipta íbúa máli, en voru ekki á dagskrá fundarins.

Að lokum viljum við minna á yfirlitið yfir málin sem hafa komið á borði heimastjórnar á þessu kjörtímabili, stöðu þeirra og feril. Yfirlitið má finna efst í Facebook hópi heimastjórnar og er því einnig reglulega deilt í sér færslum.

Gleðilega hátíð!

Heimastjórn Djúpavogs



FAKTOR BREWERY
— DJÚPIVOGUR —



FAKTOR BRUGGHÚS VIL ÞAKKA FYRIR ALLA GLEÐINA Á ÁRINU OG VIL ÓSKA YKKUR GLEÐILEGRAR HÁTÍÐAR. Í DESEMBER VERÐUR VERÐUR MIKIÐ UM ALLSKONAR GLEÐI OG MUNUM VIÐ AUGLÝSA ÞAÐ ÞEGAR NÆR DREGUR Á SAMFÉLAGSSÍÐUM OKKAR.





Gleðilega hátíð

Sendum íbúum Múlapings, Austurlands og landsins alls okkar bestu jóla- og nýárskveðjur með þökk fyrir ánægjuleg samskipti á líðandi ári.



Múlaping

DJÚPAVOGSDEILDIN FÆRIR ÚT KVÍARNAR OG PRÓFAR NÝJA HLUTI

Djúpavogsdeildin var á sínum stað í sumar og það í sjötta skiptið. Ár frá ári hefur Djúpavogsdeildin vaxið og dafnað en einnig breyst og aðlagast á ári hverju.

Í sumar prófaði mótstjórn glænýja nálgun og hélt Djúpavogsdeildina í heild sinni á einum degi. Spilað var 16. júní og spilað var 5v5 á litlum völlum í 2x10 mínútur á Neistavelli. Fyrirkomulagið var prófað þannig að einstaklingar greiddu sitt mótsgjald sjálfir og innifalið í því var mótið og lokahóf sem haldið var með pompi og prakt sama kvöld. Gafst þessi leið vel og mótstjórn fékk góðar viðtökur við deildinni í ár. Alls kepptu 6 lið í deildinni og bar FMD sigur úr bítum í 3 skiptið í röð. Liðin voru: FMD, Gellur United, Samsteypufélagið, Vigdís Finnboga, Hótel Framtíð og Vetrarbruni. Á lokahófinu sama kvöld voru veitt sérstök verðlaun og misgáfuleg. Háttvísiverðlaun fékk liðið Vigdís Finnboga. Nýliðar mótsins voru Gellur United. Hafrún Ægisdóttir hlaut verðlaun fyrir flottasta klúðrið. Neisti mótsins var Askur Egilsson, Sigurjón Stefánsson var heiðraður fyrir mark mótsins. Ævar Orri fékk sérstök verðlaun fyrir tæklingu mótsins, en honum tókst að tækla sjálfan sig. Hera Líf hlaut verðlaun fyrir tilprif mótsins. En leikmaður mótsins var Antek Marszalek.



Lið FMD var sigur úr bítum þriðja árið í röð



Guðrún Anna & Ævar Orri, sem átti tæklingu mótsins



Berubúar og Matarklúbbur verkalýðsins. Síðarnefnda liðið er Djúpavogsdeildarmeistari í brennó árið 2024.



Leikmaður brennómótsins - Stefán Valur Steinþórsson



Leikmaður mótsins Antek Marszalek ásamt Davíð Erni & Hilmi Degi

Djúpavogsdeildin færði einnig út kvíarnar fyrr á árinu og henti í brenniboltamót í tilefni Hammondhátíðar 2024. Lið gátu skráð sig til leiks og var mótið opið öllum 12 ára og eldri. 7 lið skráðu sig til leiks og varð úr æsispennandi mót sem lauk með úrslitaleik Matarklúbbs Verkalýðsins og Berubúa.

Matarklúbburinn sigraði í sönnum úrslitaleik og er því Djúpavogsdeildarmeistari í brennó árið 2024. Einnig var valinn leikmaður mótsins og var það leikmaður Berubúa, Stefán Valur Steinþórsson. Vel var mætt og stemmingin hreint ótrúleg. Því mætti ganga út frá því að þetta mót sé komið til að vera og getur fólk því farið að undirbúa strax fyrir næsta brennómót 2025.

Stjórn Djúpavogsdeildarinnar þakkar fyrir flott ár og góða þátttöku í viðburðum Djúpavogsdeildarinnar. Höldum áfram að sprikla og hafa gaman!

OKKAR BESTU ÓSKIR UM

GLEÐILEG JÓL

& FARSÆLT KOMANDI ÁR.

VIÐ ÞÖKKUM FYRIR FRÁBÆRAR MÓTTÖKUR

Á ÁRINU SEM ER AÐ LÍÐA.

JÓLAKVEÐJA

HAFIÐ BISTRO

HAFIÐ BISTRO ÆTLAR Í JÓLAFRÍ

FRÁ 20 DESEMBER 2024

TIL 7 JANÚAR 2025

EINÝRKJAKAFFIÐ

-Fyrst og síðast snýst þetta um félagsskapinn-

Einýrkjakaffið hóf göngu sína haustið 2023 og er því komið með rúmlega árs reynslu. Hugmyndinni var upphaflega stolið frá Hólmvíkingum en þar hefur sambærilegt kaffi verið um árabil og gefist vel.

Mikilvægi þess að eiga samskipti við annað fólk í raunheimum er ótvírætt og einýrkjar, eðli málsins samkvæmt, eiga færri tækifæri dags daglega til þess að hitta annað fólk. Hugmyndin er því sáraeinföld og snýst bara um að brjóta upp hversdaginn einu sinni í viku og taka kaffipásuna sína í félagsskap í stað þess að eiga hana í einrúmi.

Hisst er á milli 10 og 11 alla þriðjudaga og flakkað er á milli fundarstaða.

Fyrst um sinn átti einýrkjakaffið aðsetur í Tryggvabúð fyrsta þriðjudag í mánuði en fljótt varð ljóst að vilji var til þess að hittast vikulega. Það var alltaf heitt á könnunni og stundum svignaði borðið af heimabökuðum kræsingum.

Svo var það í kjölfar opunar Hafsins Bistro á vormánuðum að ákveðið var að færast þangað fram á sumar.

Þegar hafist var handa aftur nú í haust var ákveðið að styðja við sem flesta rekstraraðila og flakka á milli þeirra sem gætu hýst hópinn innan þorpisins. Fá þeir sérstakar þakkir fyrir að hafa tekið vel á móti fólki.

Í einýrkjakaffinu hafa hin ýmsu málefni verið tekin fyrir. Fólk deilir með hinum því sem það er að fást við hverju sinni. Bæjarmálin og framkvæmdir í þorpinu ber því oft á góma og nokkrar góðar hugmyndir hafa fæðst eða þroskast áfram og síðan náð að blómstra.

Fyrst og síðast snýst þetta allt um félagsskapinn.

Að því sögðu skal það áréttað hér að það er ekki sérstakt skilyrði að vera einyrki til þess að mega mæta í einýrkjakaffi. Það mega öll sem þyrstir í félagsskap slást í hópinn - meira að segja þau sem hreinlega bara nenna ekki að kjafta við sömu gömlu vinnufélagana þann daginn og vilja breyta til!

Einýrkjakaffi

**ÞRIÐJUDAGA
Á MILLI KL. 10-11**


- 3. desember - Langabúð
- 10. desember - Hótel Framtíð
- 17. desember - Hafið Bistro

2025

- 7. janúar - Langabúð
- 14. janúar - Hótel Framtíð
- 21. janúar - Hafið Bistro
- 28. janúar - Langabúð

KRAKKASÍÐUR BÓNDAVÖRÐUNNAR

Kemstu í gegnum vöfundarhúsið?




Teldu jólaskrautið og merktu við réttan fjölda


4 1 3 2	2 3 5 7
2 1 5 4	8 5 4 3

Litaðu fallegar jólamyndir



Litaðu eftir númerum





Fylgdu
númerunum og
litaðu svo
myndina



Starfsfólk Búlandstinds
sendir sínar bestu óskir um
gleðileg jól og
gæfuríkt komandi ár til
lesenda Bóndavörðunnar

FRÉTTIR FRÁ HEF

Fráveitumál

Á árinu var unnið að fyrsta áfanga í endurnýjun fráveitukerfis Djúpavogs. Verkefnið fól í sér uppsetningu dælubrunns framan við Hótel Framtíð og dælulagnar þaðan í grófhreinsistöð á Langatanga, með útrás í sjó norðan við Bóndavörðuvatn. Vinna á verkstað hófst í maí og lauk í september.

Undirbúningur verkefna fyrir næsta ár er í fullum gangi, með áherslu á áframhaldandi enduruppbyggingu fráveitukerfis bæjarins. Í næsta áfanga verður rotþró neðan Steina skipt út fyrir nýjan dælubrunn, ásamt lagningu dælulagnar sem mun liggja norður að nýjum dælubrunn framan við Hótel Framtíð. Þriðji áfangi felur í sér uppsetningu dælubrunns við Ytri Gleðivík og dælulögn þaðan meðfram Markarlandi og að dælubrunni við Hótel Framtíð. Hönnunarvinna fyrir annan og þriðja áfanga mun fara fram í vetur, með það að markmiði að hefja framkvæmdir á næsta áfanga vorið 2025.

Jarðhitaleit Búlandsnesi

Árið 2023 fékkst veglegur styrkur til jarðhitaleitar við Djúpavog frá Orkusjóði. Ræktunarsamband Flóa og Skeiða kom með borinn Trölla í febrúar og boraði hola DPV-31, en markmiðið var að skera jarðhitæð á 500–600 metra dýpi. Borun gekk lengst af brösuglega og eftir að hafa skorið þónokkrar volgar æðar ofan til, reyndust litlar sem engar vatnsæðar neðan 320 metra, og holan endaði í 798 metrum án mikils árangurs.

Ákveðið var að fá ÍSOR til að mæla holur á svæðinu með það að markmiði að gera þrívíddarlíkan af jarðhitakerfinu. Í maí kom á Djúpavog mælingabíll frá ÍSOR og mældi dýpstu holurnar á svæðinu sem allar eru við borplanið sunnan Þjóðvegjar. Holurnar voru myndaðar með hljóðsjá, halla og stefnumældar, hitamældar ásamt því að endurvarp nifteinda og viðnám var mælt. Í ljós kom að hola DPV-31 hafði sveigt af leið og stefndi ekki eins og var lagt upp með. Þetta gæti skýrt lélega útkomu að hluta til.

Með þessum gögnum, ásamt hitamælingum úr öllum öðrum holum á svæðinu, smíðaði ÍSOR þrívíddarlíkan. Það fékkst afhent í sumarlok. Líkanið teiknar upp aðeins frábrugðna mynd frá því sem reiknað var með og samkvæmt því er uppstreymisæð jarðhitavatnsins mun grennri en reiknað var með og liggur aðeins norðar. Leitarsvæðið hefur því færst norður fyrir veg.

Næst skref í jarðhitaleitinni er að fá Borbræður með borinn Bláma til að bora tvær rannsóknarholur á svæðinu fyrir áramót. Holunum er ætlað að staðfesta hugmyndir jarðhitamódelisins og dýpka skilning á jarðlögum svæðisins. Í kjölfarið verður ÍSOR fengið til að mæla nýju holurnar ásamt nokkrum eldri holum og uppfæra líkanið. Markmiðið er að safna nægum upplýsingum til að staðsetja vinnsluholu á hentugum stað.



Jarðborinn Tröllla við jarðhitaleit



Fyrsti áfangi í endurnýjun fráveitu á Djúpavogi. Útrás í sjó norðan við Bóndavörðuvatn



Fyrsti áfangi í endurnýjun fráveitu á Djúpavogi. Dælubrunn framan við Hótel Framtíð

Nýtt vatnsból

Áður en Tröllla yfirgaf svæðið í apríl 2024, var hann fenginn til að bora tvær neysluvatnsholur í eyrar Búlandsár. Holurnar voru boraðar með 14 tommu fóðringu niður í berg og gataðar í vatnsgæfum jarðlögum. Hvor hola gefur meira vatn en þörf er á, og fyrstu mælingar benda til að vatnsgæði séu mjög góð.

Þessar holur munu leysa af hólmi gamla, opna vatnsbólið í Búlandsdal og tryggja bæjarbúum betri gæði neysluvatns.

Undirbúningsvinna við nýja vatnslögn frá borholunum að núverandi lögn hófst í vor, og jarðvinnuframkvæmdir hófust í september. Stefnt er að því að ljúka tengivinnu og frágangi fyrir árslok, svo Djúpvogsbúar geti fengið vatn úr nýja vatnsbólunni fyrir jól.

Gagnaveita

HEF og Múlaping eru að vinna að lagningu ljósleiðara í Berufirði, samhliða lagningu háspennustrengs RARIK. Á þessu ári er gert ráð fyrir að ljúka fyrsta áfanga, sem er leiðin frá Piljuvöllum að Kelduskógum. Í kjölfarið verður ráðist í næsta áfanga frá Kelduskógum að Eyjólfsstöðum.

DAGAR MYRKURS Á DJÚPAVOGI OG NÁGRENNI

Eins og áður var frábær þátttaka á Dögum myrkurs á Djúpvogi og nágrenni. Dagar myrkurs er byggðahátíð Austurlands þar sem gervallur fjórðungurinn leggst á eitt við að gera íbúum og gestum þeirra glaða daga í svartasta skammdeginu og lýsa það upp. Myrkrið er undirstrikað með skírskotun í ríkan drauga- og vættaarf. Í fimm daga rekur hver viðburðurinn annan og í ár var engin breyting þar á á Djúpvogi og nágrenni.

Vikan hófst á faðirvorahlaupinu sem haldið er ár hvert og er beintengt sögu Stefáns Jónssonar í bókinni *Að breyta fjalli* þar sem hann hleypur í myrkrinu og fer með faðirvorið í sífellu til að hræðast myrkrið minna. Í ár var hlaupið innanbæjar og var góð þátttaka. Björgunarsveitin og lögregla voru til taks til að tryggja öryggi og Neisti bauð svo öllum þátttakendum í heitt súkkulaði og með því í Neista. Sigurvegarar hlaupsins í ár voru Rökkvi Pálmason í karlaflokki og Regína Anna Lefever í kvennaflokki.

Á þriðjudag og miðvikudag bauð Neisti öllum börnum í veglegt ljósasund sem er ár hvert einn vinsælasti viðburður daga myrkurs. Tryggvabúð bauð í sitt vikulega vöfflukaffi en á dögum myrkurs verða vöfflurnar grænar, rjóminn rauður og ormar í álegg.

Búningardagurinn er alltaf haldinn hátíðlegur á dögum myrkurs á hrekkjuvökudaginn sjálfan 31. október og voru skrímsli og kynjaverur að finna víðsvegar um þorpið. Félagsmiðstöðin Zion bauð nemendum miðstigs á búningaball og efsta stigi í hryllingsbío á Teigarhorni. Grikk eða gott stemning var í þorpinu þegar myrkrið skall á og Ferðafélag Djúpvogs bauð í rökkurgöngu.



Þátttakendur í faðirvorahlaupinu í ár



Ljósasund í Íþróttamiðstöð Djúpvogs



Sykurpúðar grillaðir í Hálsaskógi

Í lok vikunnar hófst árleg leit að Töfratrénu í Hálsaskógi en viðburðurinn er fyrir fjölskyldur þar sem börnin leita að töfratrénu með vasaljósom en búið er að þekja tréið með endurskinsmerkjum. Þegar ljósið lýsir á endurskinsmerkin birtist tréið og Töfratréið er fundið. Skógræktarfélag Djúpvogs stendur fyrir þessum stórskemmtilega viðburði og buðu upp á prik og deig svo gestir gátu grillað sér pizzabrauð yfir opnum eldi. Á föstudagskvöldið var haldið hryllilegt pöbquiz í Faktor brugghús. Leikskólakrakkarnir mættu í búning í íþróttahúsið á laugardagsmorgni íklædd búningum og með vasaljós. Langabúð bauð í myrkrabróns og sviðaveislan á Bragðavöllum var á sínum stað á laugardagskvöldið. Dögum myrkurs var svo lokað með rökkurmessu í Djúpvogskirkju á sunnudegi.

Alla dagana var Hafíð bistro með hryllilegar kökur og pizzu á matseðli sínum og Hótel Framtíð bauð upp á sérstakan Daga myrkurs matseðil á sínum veitingastað.

Austurbrú stendur fyrir ljósmyndakeppni ár hvert á Dögum myrkurs fyrir allt Austurland. Það var engin önnur en okkar eigin Þuríður Elísa Harðardóttir á Teigarhorni sem sigraði í henni með mynd sinni *Leitin að töfratrénu*. Myndina tók hún einmitt á samnefndum viðburði. Sigurmyndin prýðir forsíðu Bóndavörðunnar að þessu sinni.

MÓTTAKA SKEMMTIFERÐASKIPA Á HÖFNUM MÚLAÞINGS SUMARIÐ 2024

Almennt gekk mjög vel á höfnunum í sumar, borið hefur á áhyggjum af rútu- og leiðsögumannaskorti sem hefur verið áskorun sérstaklega á Seyðisfirði. Tollamálin hjá Djúpavogshöfn eru í skoðun og það er unnið að því að leysa það í samvinnu við tollayfirvöld. Varðandi EPI þá má Seyðisfjarðarhöfn ekki taka gjald en hefur safnað góðum upplýsingum. Höfnin hefur fengið 60 – 70 tilkynningar (13 í fyrri). Varðandi CAP (þak á fjölda gesta með skemmtiferðaskipum) þá hefur því verið tekið vel og af umburðarlyndi. Skipafélögin kölluðu eftir því að sett yrði þak á fjölda gesta sem og íbúar, hefur það virkað mjög vel. Íbúar og þeir sem hafa haft áhyggjur af átroðslu skipafarþega í höfnum okkar hafa fagnað þakinu. Á höfnunum hefur það komið fyrir að þurft hefur að hafna bókun sem farið hefur yfir þakið en þá hafa skipin fært sig til. Á Borgarfirði er þakið 500 farþegar á dag, Djúpavogi 2500 á dag og á Seyðisfirði 3500 á dag. Eins og sjá má í bókunardagatalinu sem birt er á vefsíðu hafnanna þá erum við að halda okkur nokkuð vel við að vera undir þakinu. www.portsofmulathing.is

Þar fyrir utan er það helst að fréttu frá höfnum Múlaþings að leiðangursskipin hafa tekið ástfóstri við Borgarfjörð eystri, í ár var tekið á móti um 20 skipum og næsta ár er fjöldinn eitthvað meiri því National Geography hefur fjölgað komum. Hið einstaka búsvæði lundans í Hafnarhólmanum hefur mikið aðdráttarafl, þjónustuaðilar hafa tekið vel við sér og almenn ánægja meðal gesta skipanna.

Bryggjuframkvæmdir hafa farið fram við Hafnarhólma og unnið verður að því í vetur að setja upp gjald hlið þar sem lundinn hefst við en hann er í mjög miklu návígi við fólk, spakur og skemmtilegur. 63 þúsund gestir hafa komið í hólmann í sumar til að sjá lundann, en hann hefst þar við frá byrjun apríl fram í byrjun ágúst. Gjaldtökunni verður stillt í höf og er sett fram til verndar lundanum og öðrum fuglum í hólmanum. Einnig kemur það til með að nýtast í viðhald á göngustígum og til rannsókna á lífríkinu sem er einstakt á heimsvísu.

Á Djúpavogi hefur verið unnið að því að bæta aðgengi að salernum steinsnar frá höfninni. Hefur það verið stórt mál á svæðinu því skemmtiferðaskipakomum hefur fjölgað mikið auk þess sem hinn almenni ferðamaður sækir staðinn heim í auknu mæli. Á frumstigi er hönnun á nýjum viðlegukanti við Gleðivíkina sem mun stórbæta aðstöðuna bæði fyrir móttöku skemmtiferðaskipa og þjónustu við fiskeldið. Lítið þjónustuhús við höfnina, sérstaklega fyrir móttöku skemmtiferðaskipa verður sett upp fyrir næstu vertíð. Merkingar með skiltum og göngustígum frá höfninni inn í Gleðivík þar sem listaverk Sigurðar Guðmundssonar „Eggin í gleðivík“ eru staðsett, er lokið að mestu er þetta er ritað. Skiltið sem sett verður upp nálægt höfninni er teiknað af Ómari Smára, en hann hefur teiknað fjölmörg skilti sem þykja einstaklega falleg. Að hans sögn þótti honum kortið fyrir Djúpavog eitt fallegasta skiltið sem hann hefur teiknað. Við leyfum afriti af því að fylgja hér með. Þjónustuaðilum hefur fjölgað á Djúpavogi en í vor opnaði aðili brugg- og veitingahús steinsnar frá höfninni sem almenn ánægja ríkir með. Viking Cruises kaupir mikla þjónustu af heimamönnum á Djúpavogi og er mikil ánægja með þá þjónustu höfum við upplýsingar um frá fyrstu hendi. Sérstaklega hafa viðburðir í Tankinum þar sem fyrrverandi bæjarstjórafrú tekur lagið fyrir gesti vakið athygli og ánægju. Höfnin á Djúpavogi er sú höfn á Íslandi sem hefur stystu leiðina að Jökulsárlóni sem laðar mikið að auk þess sem Djúpavogur skartar mikilli sögu og stórbrotinni náttúrufergurð sem skipafarþegar kunna að meta.

Á Seyðisfirði er stækkun Strandarbakka komin inn á samgönguáætlun en bíður samþykktar. Um er að ræða lengingu úr 170 metrum í 370 metra. Það þýðir að hægt verður að taka á móti stærri skipum upp að bryggju. Smábátabryggjan fær einnig andlitsupplýftingu og flotbryggjan fyrir tendara verður færð um set. Ný Angróbryggja (50 metrar og 9 metra dýpi) hefur verið smíðuð en sú eldri skemmdist í skriðunni miklu. Hún er sérstök fyrir það að viðurinn í bryggjunni er úr sjálfbærum skógi. Afar falleg viðarbryggja sem sómi er af, minni skip geta notað hana og hafa gert í sumar. Angróbryggjan flúttar við svokallaða bæjarbryggju og saman eru þær 116 metrar á lengd og með 9 metra dýpi.

Miklar framkvæmdir eru á Seyðisfirði og ber bærinn þess merki, sérstaklega vegna byggingu snjóvarnargarða undir Bjólfi. Það sér fyrir endann á þeirri vinnu en með tilkomu þeirra munu verða til áhugaverðar gönguleiðir og aðgengi að merkum fornleifagreftri sem átt hefur sér stað og vakið heimsathygli fyrir mikið af munum frá því árunum 940 – 1100. Gert er ráð fyrir að svæðið verði sýnilegt og kynnt á staðnum, einnig er fyrirhugað að reisa minningareit/skilti um snjóflóðið mikla sem féll úr Bjólfinum árið 1885, en mesta mannfall sem orðið hefur í snjóflóði á Íslandi átti sér einmitt stað þá. Unnið er að framkvæmdum við útsýnisfall í Bjólfinum sem er í 640 metra hæð yfir sjávarmáli og gert er ráð fyrir að framkvæmdum ljúki að fullu haustið 2025.


Til hafna Múlaþings eru um 200 komur skemmtiferðaskipa og 50 komur Norrænu bókaðar árið 2025.

Fjórða höfnin; Egilsstaðaflugvöllur (airport) er einungist í 20 mínútna fjarlægð frá Seyðisfjarðarhöfn en völluminn er alþjóðaflugvöllur sem og innanlandsflugvöllur. Unnið er að því að stækka völluminn og að koma á flugi milli Egilsstaða og meginlands Evrópu. Flugvölluminn býður upp á tækifæri varðandi farþegaskipti fyrir minni skip í framtíðinni.

Ýmsar hugmyndir að aðgengi að áhugaverðum stöðum eru í farvatninu og af nægu er að taka þegar kemur að Múlaþingi og Austurlandi sem að margra mati er falinn gimsteinn.

Þegar þetta er ritað er talsverð óvissa varðandi afnám tollfrelsis varðandi hringsiglingar og innviðagjald á skemmtiferðaskip. Unnið hefur verið hörðum höndum að því að fá lengri aðlögunartíma varðandi þau mál.

Vefur hafna Múlabings er www.portsofmulathing.is



Hafnarstjóri og starfsmenn hafna Múlabings senda sínar bestu óskir um gleðileg jól og farsælt nýtt ár með þökkum fyrir samstarfið á árinu sem er að líða.

Bóndavardan óskar öllum lesendum sínum til sjávar og sveita gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.

*Kærar þakkir til allra sem lagt hafa blaðinu okkar lið.
 Án ykkar, lesendur góðir og höfundar efnis, væri engin Bóndavarda.
 Ritvöllur Bóndavörðunnar er öllum opinu svo hugsid áfram til okkar þegar þið rekist á, upplifid og/eda ljósmyndid áhugaverða atburði í lífinu. Einnig þegar rifjad er upp gamlar sögur eda fundid er fróðlegt efni í handraðanum.
 Bóndavardan*



Við óskum viðskiptavinum okkar og austfirðingum öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.



20
24

20
25



Hótel
Framtíð

FYRSTA OKTÓBERFESTHÁTÍÐIN HALDIN Á DJÚPAVOGI



Í október var haldin októberfest í fyrsta sinn á Djúpavogi. Nokkrir aðilar tóku sig saman, stofnuðu októberfest-nefnd og skipulögðu viðburðinn í samstarfi við Faktor brugghús. Viðburðurinn var þar haldinn, Langabúð tók sig til og tengdi við viðburðinn með uppákomu sín megin ásamt Matarvagninum sem var með „pop-up“ samtengt viðburðinum. Hátíðin fór langt fram úr væntingum nefndarinnar og mættu rúmlega 100 manns.

Snemma í ferlinu var ákveðið að hluti af dagskrá kvöldsins yrði happdrætti og þá datt hópnum í hug að láta ágóðann renna til ákveðins málefnis. Hópurinn ákvað að stefnt væri að efla útisvæði sundlaugar Djúpavogs með því að safna fyrir saunutunnu sem gæti verið stórt skref í þá átt. Söfnunin gekk vonum framar og greinilegt að íbúar vildu ólmir safna fyrir saunutunnu á útisvæðið okkar. Í heildina söfnuðust **703.500kr.**

Októberfestnefndin vill þakka innilega öllum þeim sem mættu, studdu málefnið og tóku þátt í að gera þetta að veruleika. Án þeirra hefði þetta ekki verið mögulegt!

Nefndin setti sér það markmið að safna eins miklu fé og mögulegt væri til að fjárfesta í sauna tunnu fyrir útisvæði sundlaugarinnar. Söfnunin vakti mikla athygli og jákvæðar undirtektir, og vill nefndin einnig þakka sérstaklega frumkvöðlum, fyrirtækjum og einstaklingum sem gáfu vinninga. Alls fengust 70 vinningar sem dregnir voru út í happdrætti og lukkuhjóli, og samanlagt voru verðmæti þeirra rúmlega 500.000 kr.

Vonandi verður þetta árlegur viðburður og því ráð að leyfa sér að hlakka strax til októberfest á næsta ári! Ef þið hafið áhuga á að taka þátt í skipulagningu og undirbúningi fyrir næsta ár, eruð þið hvött til að hafa samband við einhvern nefndarmeðlim, og ný nefnd verður sett saman fyrir næsta ár.

Takk fyrir okkur!

Októberfestnefndin:

Auja, Hugga, Ólöf Rún, Greta, Íris, Hafdís, Kata, Jón Einar, Kári og Óðinn

STYRKARADILAR:

Hótel Framtíð

Kaldvík

Búlandstindur

Matarkjallarinn

Hárbankinn

Hótel Laki

Salt Cafe & Bistro

Vaskur ehf.

Örninn Golfverslun

DESPEC DENMARK A/S

Slippfélagið

Fly PLAY

Ósnes

Hárgreiðslustofa Alexöndru

Faktor Brugghús

Hafið Bistro

Jarðböðin við Mývatn

Lefever sósur

Kaffi Kvörn og Rósa

Valtingojer

Pakkhúsið á Höfn

Matarvagninn á Djúpavogi

Solla Nuddari

Snyrtistofa Jónínu

Músik og Sport

Þurý Harðardóttir- Photography

Eyfrejunes

Stórkaup

Solla friður og ró

Gallerí Snærós

Naglastúdíó Auðbjargar

Tryggvabúð

Greta Mjöll

Jako Sport

Skylagoon

Geislar Gautavík

Artless

Félagsbúið Lindarbrekku

Þorkell Guðmundsson

Reynir Katrínar

Hammondhátíð

Sandra Rós - Microblade

Tehúsið

Hárstofa Jónu og Ellýjar

Samverudagatal

Desember



MÁN	ÞRI	MÍÐ	FIM	FÖS	LAU	SUN
25	26	27	28	29	30	1 Fara á tendrun jólatrésins
2 Setja negulnagla í mandarínur & finna jólailminn	3 Fara í fótbolta á sparkvellinum	4 Kíkja í Rauðakross-búðina og kaupa jólagjafir	5 Fara á jóla-markað í Löngubúð	6 Hvert og eitt gerir sína föstudags-pizzu	7 Gera trölladeig og fönðra jólaskraut	8 Fara & kaupa jólatré í Skógræktinni
9 Taka fram perlurnar & perla	10 Fara á bókasafnið og ná í jólabók	11 Börnin velja kvöldmatinn og aðstoða við matseld	12 Kveikja á kertum og lesa saman bók	13 Gönguferð í myrkrinu með vasaljós	14 Poppa & horfa á jólamynd	15 Baka smákökur
16 Setja á jólatónlist og púsla	17 Skella sér í sund eftir skóla og leikskóla	18 Lita jólamyndir	19 Fá sér heitt kakó & hlusta saman á jólasögu	20 Skreyta piparökukur	21 Smakka skötu í Löngubúð	22 Líta upp frá jólastressinu & fara á leikvöllinn í Blánni
23 Göngutúr úti & skoðuð jólaljós	24 Gleðileg jól!	25	26	27	28	29
30	31					

